


skoðun 10

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Skólar og námskeið










# FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur
9. ágúst 2011
183. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA
2001 - 2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011




## Ferlegur búningur

*Valsarinn Breki Logason sendur á KR-æfingu í steggjun sinni.*

**fólk 26**

## Íslenskur hjólastóll

*Unnið er að þróun, hönnun og framleiðslu fyrsta íslenska hjólastólsins.*

**allt 2**



## Grétar Rafn tjáir sig

*Útskýrir af hverju hann spilar ekki meira með landsliðinu á árinu.*

**sport 22**

## veðrið í dag




**VÍÐA BJART** Í dag verður yfirleitt hæg N-læg eða breytileg átt en dálítið hvassara NV- og A-til. Hiti 7-13 stig NA-til en 12-18 stig V-til.

**VEÐUR 4**

# Hækkun vasksins í skoðun

**Stjórnarflokkarnir skoða nú hugmyndir um að setja virðisaukaskattinn í eitt þrep. AGS mælir með þeirri leið. Rætt er um 21 til 22 prósenta vask, en lægra þrepið er nú sjö prósent. Fundað var um málið í gær.**

**EFNAHAGSMÁL** Meðal þeirra leiða sem eru til skoðunar til að auka tekjuöflun ríkisins er að koma á einu virðisaukaskattþrepi. Þingmannanefnd á vegum stjórnarflokkanna hefur skoðað hvaða leiðir séu færar í aukinni tekjuöflun. Hún hefur meðal annars tekið vaskinn til skoðunar. Nefndin hefur fundað undanfarna daga og seinnipartinn í gær var haldinn fundur með formönnum stjórnarflokkanna. Að því loknu var haldinn sameiginlegur þingflokksfundur stjórnarflokkanna.

Fjögurra manna sendinefnd frá AGS var hér á ferð í mars og fundaði með hagsmunaaðilum, verkalýðshreyfingunni og fleirum sem málið varðar. Eftir þá yfirlegu var í umræðunni að samræma virðisaukaskattsprósentuna í 20 prósent, en í dag eru vörur með misháan virðisauka; allt frá 7 prósentum í 25,5.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er það ekki talið nægjanlegt nú að samræma skattinn í 20 prósentum. Í dag sé því rætt um 21 til 22 prósenta skatt. Hvort breytingin er hugsuð, verði af henni, öll í einu eða í þrepum er óljóst á þessu stigi málsins. Til dæmis er ólíklegt að matarskattur verði hækkaður í einu vetfangi.

Ýmsir stjórnarþingmenn eru hræddir við að fara þessa leið, enda muni hún koma beint við pyngju landsmanna. Óttast er að lækkun efra þrepsins muni trauðla skila sér til almennings, en hækkun lægra þrepsins verði hins vegar velt út í verðlagið.

Það sjónarmið að ríkið þurfi auknar öruggar tekjur, óháðar aflatölum eða annarri óvissu, er hins vegar sterkt í umræðunum. Því er til skoðunar að hækka vaskinn, sem er neysluskattur, því þar sé á vísan að róa í því að bæta efnahag ríkissjóðs.

Þingmannanefndin mun hafa nokkuð vítt umboð til að gera tillögur um málið, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, en í henni sitja Oddný G. Harðardóttir, Helgi Hjörvar, Sigmundur Ernir Rúnarsson, Björn Valur Gíslason, Árni Þór Sigurðsson og Álfheiður Ingadóttir. Fjármálaráðherra leggur fram endanlega tillögu um skattprósentur, en engin ákvörðun hefur verið tekin um málið. **- kóp**

## Tvö skattþrep

**Hugmyndir eru um að samræma virðisaukaskattinn í 21 til 22 prósentum. Í dag er misjafnt hvað vörur og þjónusta bera háan virðisaukaskatt:**

**7%** Öll matvæli, bækur, tímarit, hljómdiskar, rafmagn, heitt vatn, veitinga- og hótelþjónusta og afnotagjöld.

**25,5%** Fatnaður, ökutæki, rafmagnstæki o.fl.




**ÓEIRÐIR BREIÐAST ÚT** Bílar og hús brunnu og brotist var inn í verslanir víðs vegar um London í gær, á þriðja degi óeirða. Fjöldi fólks er heimilislaus og margir hafa þurft að yfirgefa heimili sín. Óeirðalöggreglan var meðal annars kölluð til í Hackney í norðausturhluta borgarinnar. **Sjá síðu 2** NORDICPHOTOS/AFP

Bubbi hefur selt 320 þúsund:

## Ein plata á hvern Íslending

**FÓLK** „Þetta er auðvitað árangur sem er með ólíkindum. Sérstaklega í ljósi þess að þetta er frumsamin tónlist,“ segir tónlistarmaðurinn Bubbi Morthens.



BUBBI MORTHENS

Sólóplötur Bubba hafa selst í meira en 320 þúsund eintökum frá 17. júní árið 1980 þegar Ísbjarnarblús kom út. Árangurinn er sérstaklega skemmtilegur í ljósi þess að Íslendingar eru í dag rétt tæplega 320 þúsund talsins. Platan Dögun, sem kom út árið 1987, hefur selst í flestum eintökum eða 26 þúsund.

Tónlistarsérfræðingurinn Arnar Eggert Thoroddsen efast um að Íslendingar muni eignast annan eins poppara. „Bubbi er Ísland. Eins og lýsi og lopapeysa,“ segir hann.

**- afb/** **sjá síðu 26**

Saltvinnslufyrirtæki á Reykjanesi í Ísafjarðardjúpi endurvekur aldagamlar aðferðir:

## Jarðvarmi nýttur við saltgerð

**VIÐSKIPTI** Hópur frumkvöðla hefur endurvakið aldagamla framleiðsluaðferð í nýstofnuðu saltvinnslufyrirtæki á Reykjanesi í Ísafjarðardjúpi. „Við notum jarðvarma. Aðferðin er sú umhverfisvænsta sem völ er á því aðrir nota gas eða brenna eldivið,“ segir Garðar Stefánsson, sem er einn eigenda fyrirtækisins Saltverk Reykjaness.

Hugmyndin kviknaði út frá skrifum Lýðs Björnssonar um saltverksmiðju á Reykjanesi í Ísafjarðardjúpi á 18. öld, en þar var jarðvarmi nýttur við saltgerð í fyrsta sinn. „Við ákváðum að endurvekja saltvinnslu á þessum stað og nýta sömu aðferð við gerð kristalsjávarsaltsins,“ útskýrir Garðar, sem er þess fullviss að fyrirtækið sé það eina í heiminum sem beiti þessari aðferð.



GARÐAR STEFÁNSSON

Fyrirtækið mun á næstunni setja fyrstu vörurnar á markað en forsvarsmenn þess telja sig geta framleitt allt að 20 tonn af salti á ári. Að þeirra mati ætti það að anna eftirspurn á íslenskum markaði.

**- hþt /** **sjá síðu 14**










## SPURNING DAGSINS



*Steinn, vill Glaumbar nokkuð fá svona rauða djöfla?*

„Jú, þeir ætla að djöfla okkur inn en það verður örugglega einhver djöfulgangur þarna á örlagastundu.“

Steinn Ólason er formaður United-klúbbsins, stuðningsmannaklúbbs Manchester United, en liðsmenn þess eru gjarnan kallaðir rauðu djöflarnir. United-klúbburinn var að hefja samstarf við Glaumbar.

Fiskistofa hefur lagt hald á að minnsta kosti ellefu ólögleg net:

# Tveir grunaðir um laxveiði í sjó

**LÖGREGLUMÁL** Fiskistofa hefur á undanförnum vikum lagt hald á að minnsta kosti ellefu ólögleg net í sjó. Þar af að minnsta kosti fjögur laxanet sem tekin voru upp í Skagafirði í síðustu viku. Það mál er til rannsóknar, að sögn lögreglu, en tveir menn liggja undir grun um notkun þeirra. Laxanet eru ólögleg og liggur há sekt við notkun þeirra.

Í síðustu viku kom síðan eftirlitsmaður frá Fiskistofu með fimm net til lögreglunnar á Ísafirði. Að sögn lögreglunnar þar vantar þó skýrslu um málið svo ekki er vitað hverjir eigendur kunni að vera, hvaðan þau voru tekin eða hvort möskvastærð þeirra sé undir löglegum mörkum. Hins vegar er ljóst að þau voru í sjó á banntíma en ekki er leyfilegt að hafa net við strendur frá klukkan tíu á föstudagskvöldi til klukkan tíu á þriðjudagsmorgni.

Um þarsíðustu helgi voru svo tekin tvö net sem lágu í voginum á Bíldudal á sunnudegi, sem sagt á banntíma. Það mál er enn til rannsóknar. **- jse**



**LAX Í ÓGÖNGUM** Það getur reynst dýrt spaug hjá mönnum að reyna að ná þessum úr sjó eins og gert var í Skagafirði.

Merkur fornleifafundur:

# 500 ára örvar-oddur í Fljótsdal

**FORNLEIFAR Örvaroddur fannst nýlega við uppgröft við Skriðuklaustur í Fljótsdal, en að því er sagði í fréttum RÚV er þetta fyrsta vopnið sem finnst í rannsókninni sem hefur staðið yfir í áratug.**

**Þar kom fram að oddurinn er úr kopar, sennilega af ör úr lásboga og er talinn um 500 ára gamall.**

**Uppgröfturinn á Skriðuklaustri hefur staðið hvert sumar í um áratug og lýkur á næstu vikum að því er sagði á RÚV. - þj**

Vill skaðabætur vegna árásar:

# Þernan kærir Strauss-Kahn

**BANDARÍKIN, AP Hótelþernan sem Dominique Strauss-Kahn er grunaður um að hafa nauðgað hefur höfðað einkamál á hendur honum. Hún krefst skaðabóta en upphæðin sem hún krefst hefur ekki verið gefin upp.**

**Í kærunni kemur fram að Strauss-Kahn hafi ráðist á Nafissatou Diallo á grófan og ofbeldisfullan hátt á Sofitel-hótelinu sem hún starfar á. Hann var handtekinn 14. maí vegna málsins og er óheimilt að yfirgefa Bandaríkin á meðan málið er í rannsókn. Hann mun koma fyrir rétt á nýjan leik 23. þessa mánaðar. - þeb**

# Óeirðir breiðast út fyrir höfuðborgina

**Óeirðir halda áfram víðs vegar í London og hafa nú breiðst til Birmingham. Kveikt hefur verið í fjölda húsa og bíla og verslanir hafa verið skemmdar og rændar. Ráðamenn koma snemma heim úr fríum vegna ástandsins.**

**BRETLAND** Óeirðir halda enn áfram í London og hafa breiðst út um borgina. Meira en tvö hundruð manns hafa verið handteknir vegna óeirðanna og 35 lögreglumenn eru særðir.

Óeirðirnar sem hófust í Tottenham á laugardagskvöld hafa breiðst hratt út og lenti lögreglan í átökum í mörgum hverfum víða um borgina í gærkvöldi. Í Hackney í Austur-London urðu óeirðirnar einna mestar.

Kveikt var í fjölda húsa og bíla víða um borgina auk þess sem brotist var inn í fjölmargar verslanir. Óeirðirnar breiddust til Lewisham og Peckham í suðurhluta borgarinnar og að lokum til Croydon. Þar voru stór hús alelda í gærkvöldi, meðal annars húsgagnaverslun sem var þekkt kennileiti á staðnum.

Keyrt var á þrjá lögreglumenn aðfaranótt mánudags þegar þeir reyndu að handtaka ungmenni sem höfðu brotist inn í verslun í norðausturhluta London. Í gærmorgun náðu óeirðirnar stuttlega inn á Oxford Circus í miðborginni.

Þá hófust óeirðir í borginni Birmingham í gær, en borgin er sú næstfjölmennasta í landinu utan London.

David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, flaug í gærkvöldi heim úr fríi á Ítalíu. Hann mun funda með innanríkisráðherranum Theresu May og lögreglustjóranum Tim Godwin í dag. May kom einnig snemma úr sumarfríi í gær til að hitta löggæsluyfirvöld í London. Hún fordæmdi óeirðirnar og sagði þær óásættanlegar.

Godwin hefur brýnt fyrir fólki að rýma götur og gefa lögreglumönnum rými til að athafna sig.

Ken Livingstone, fyrrverandi borgarstjóri í London, sagði í gærkvöldi að ríkisstjórnin gerði sér ekki grein fyrir mikilli óánægju breskra ungmenna sem séu ekki bjartsýn á framtíðina. Þá sagði hann að lögreglumenn hefðu lengi varað við því að svona ástand gæti skapast.

thorunn@frettabladid.is



**BÚÐIR OG BÍLAR ALELDA** Óeirðirnar breiddust út um borgina í gær og var meðal annars kveikt í þessari verslun í Croydon. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Spennuþrungið andrúmsloft



**ÁSGEIR HELGI ÞRASTARSON**

Ástandið í borginni utan átakasvæðanna einkennist af spennu, segir Lundúnabúinn Ásgeir Helgi Þrastarson í samtali við Fréttablaðið. Ásgeir býr með kærustu sinni á stúdentagarði skammt suður af Tottenham og segir ófremdarástand ríkja í hverfunum allt um kring.

„Það er mikið búið að vera að gerast í Hackney sem er nokkuð nálægt okkur. Þar hefur verið kveikt í bílum og rúður brotnar í búðum. Svo skilst okkur á því sem við lesum á Twitter að það sé líka allt að kvikna upp í Islington sem er rétt hjá. Þannig að þetta virðist allt vera að stefna til okkar núna.“

Ásgeir segir að ástandið sé enn rólegt hjá þeim fyrir utan að verslanir í hverfinu lokuðu fyrr en venjulega. Hann telur þó ólíklegt að óeirðirnar færist yfir í götuna þeirra. „Ég held við séum á ágætum stað, því að hjá okkur er ekki mikið af búðum og öðru sem sótt er í að eyðileggja, en maður veit aldrei hverju þetta fólk tekur upp á.“ **- þj**



**ENGIN HÆTTA** Sprengjusérfræðingar Landhelgisgæslunnar gengu úr skugga um að engin hætta var á ferðum. MYND/LANDHELGISGÆSLAN

Sérkennilegur fundur:

# Sprengjustél í Kleifarvatni

**LANDHELGISGÆSLAN** Ekki er vitað hvernig stél af flugvélasprengju, sem kafarar Landhelgisgæslunnar fundu í Kleifarvatni í gær, hafnaði þar. Í frétt á vef gæslunnar segir að ábending hafi borist um torkennilegan hlut í vatninu.

Sprengjusérfræðingar gengu úr skugga um að engin hætta væri á ferðum, og komu stélinu í land. Það er líklega af sprengju af gerðinni MK 83, sem er enn í notkun í dag, og er mögulegt að bandaríska varnarliðið hafi notað hlutinn til köfunaræfinga á sínum tíma. **- þj**



**EVRÓPUSAMBANDIÐ** Á Íslandi er hlutfall útlendinga svipað og í ESB-ríkjunum.

Tæp 7% íbúa ESB útlend:

# Í Póllandi eru fæstir erlendir

**EVRÓPUMÁL** Einungis 0,1% íbúa Póllands eru útlendingar. Þetta er lægsta hlutfall allra EES-ríkja sem hafa viðlíka tölur á takteinum fyrir árið 2010. Þetta má lesa í nýrri skýrslu frá Hagstofu ESB.

Á Íslandi er hlutfall útlendinga 6,8%, svipað og í ESB-ríkjum.

Skýrslan greinir milli útlendinga frá öðrum EES-ríkjum og útlendinga úr ríkjum utan EES.

Á Íslandi koma 1,4% íbúa frá ríkjum utan EES, en 5,4% frá EES-ríkjum. Þessu er öfugt farið í ESB-ríkjunum, þar sem útlendingar utan EES-ríkja eru nær tvöfalt fleiri en þeir sem eru frá öðrum EES-ríkjum. **- kóþ**

Verktakar á Suðurstrandarvegi:

# Segja að áætluð verklok standist

**SAMGÖNGUR Vonast er til þess að framkvæmdum við eystri kafla Suðurstrandarvegar muni ljúka um miðjan næsta mánuð eins og áætlanir gera ráð fyrir.**

**Verktakafyrirtækið KNH ehf. mun hefja framkvæmdir á ný í vikunni, en framhald verksins tafðist nokkuð vegna anna.**

**Talsmaður KNH segir að stefnan sé að ljúka framkvæmdum á tilsettum tíma.**

**Suðurstrandarvegur liggur frá Grindavík að Þorlákshöfn. Áætlað er að framkvæmdum við vestari hluta vegarins ljúki á næsta ári. Verði þá um að ræða mikla samgöngubót. - þj**






Ágætur en ekki nógu árangursríkur fundur í Karphúsinu í gær:

# Tvær vikur í leikskólaverkfall

**KJARAMÁL** Virkja þarf verkfallsnefnd leikskólakennara því að öðru óbreyttu eru tæpar tvær vikur uns þeir leggja niður vinnu, eftir að fundi í kjaradeilu kennaranna og sveitarfélaganna lauk í Karphúsinu í gær, án samkomulags.



**HARALDUR FREYR GÍSLASON**

Þetta kemur fram í máli Haralds Freys Gíslasonar, formanns Félags leikskólakennara. Hann segir fundinn í gær hafa verið að ýmsu leyti jákvæðan og að ágætlega gangi á sumum sviðum samningagerðar.

„En stærsta málið, ellefu prósenta launaleiðrétting, stendur enn út af. Þrátt fyrir að við höfum dregist aftur úr í launum um mun meira,“ segir Haraldur.

Hann segir að ríkissáttasemjari hafi lagt til í gær að beðið yrði í eina viku áður en næsti fundur fer fram, það er til næsta mánudags. Þangað til eigi deiluaðilar að heyra í sínu fólki og íhuga stöðuna.

Haraldur efast sjálfur ekki um hvernig landið liggur: „Við getum alls ekki sætt okkur við þetta.“

Leikskólakennarar hafa samþykkt að fara í verkfall 22. ágúst með 96,1 prósents atkvæða, náist ekki samningar við sveitarfélögin. **- kóþ**



**BÖRN AÐ LEIK** Nú stefnir í að leikskólum verði lokað 22. ágúst. Næsti samningafundur leikskólakennara og sveitarfélaganna verður ekki fyrr en næsta mánudag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ertu að leita upplýsinga?
www.suzuki.is

SUZUKI
Way of Life!






# Nýr Suzuki Swift








EURO NCAP
FOR SAFER CARS
www.euroncap.com
★★★★★

Einn vinsælasti bíllinn á Íslandi undanfarin ár
nú enn betri og flottari.
Swiftinn er stærri og rúmbetri og er með
einstaklega sparneytinni 94 hestafla vél, býðst beinskiptur
og sjálfskiptur og einnig með fjórhjóladrifi beinskiptur.
Swiftinn hlaut 5 stjörnur í N-CAP öryggisprófuninni og kemur með
ESP stöðugleikakerfi og 7 öryggisloftpúðum sem staðalbúnaði.

**Verð frá 2.580 þús.**
Eyðsla frá 5,0L/100km
(blönduðum akstri,
beinskiptur)
$CO^2$ 116g/km

FYRIR SKYNSAMT FÓLK

SUZUKI

TRAUST UMBOÐ
Í YFIR 40 ÁR

Hugtök Markaðsráðgjöf Júní 2011

SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS

## GENGIÐ 08.08.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 115,09 | 115,63 |
| Sterlingspund | 188,95 | 189,87 |
| Evra | 164,20 | 165,12 |
| Dönsk króna | 22,040 | 22,168 |
| Norsk króna | 21,032 | 21,156 |
| Sænsk króna | 17,737 | 17,841 |
| Japanskt jen | 1,4812 | 1,4898 |
| SDR | 184,24 | 185,34 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
220,7273

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Obama um óróleika í bandaríska fjármálakerfinu eftir lækkun lánshæfismats hjá Standard & Poor's:

# Segir Bandaríkin alltaf verða í hæsta flokki

**BANDARÍKIN, AP** Barack Obama Bandaríkjaforseti blæs á ákvörðun Standard & Poor's (S&P) um að færa lánshæfismat ríkissjóðs niður úr toppflokknum AAA og segir vel gerlegt að ná tökum á fjárlagahallanum.

Í ávarpi í gær freistaði Obama þess að sefa áhyggjur fjárfesta og almennings og sagði að almenn skynsemi og samstarf milli flokka væri lykilatriði í framhaldinu. Lækkun lánshæfismatsins ætti þó að knýja á um að breytingar yrðu gerðar á skattakerfi landsins og lífeyriskerfum á næstu mánuðum.

„Markaðir munu rísa og falla, en þetta eru Bandaríkin. Sama hvað matsfyrirtækin segja þá höfum við alltaf verið og verðum alltaf ríki í hæsta flokki," sagði Obama.

Tim Geithner fjármálaráðherra vandaði S&P ekki kveðjurnar og sagði að bandarísk ríkisskuldabréf væru enn örugg fjárfesting. Ákvörðun S&P sýndi fram á skort á dómgreind og þekkingu. Máli sínu til stuðnings benti Geithner á frammistöðu fyrirtækjanna í aðdraganda hrunsins, þar sem þau settu undirmálslán oft í hæsta flokk.

Hin tvö stærstu matsfyrirtækin, Moody's og Fitch, hafa ekki lækkað mat sitt á Bandaríkjunum.

Repúblikaninn og forsetaframbjóðandinn Mitt Romney reyndi að nota málið til að koma höggi á Obama. Hann skýrði hins vegar ekki frá því hvernig hann hefði sjálfur leyst vandann.

Áhrif lækkunarinnar á hlutabréfamarkaði vestanhafs voru þó áþreifanleg þar sem Dow Jones-vísitalan lækkaði um allt að 600 stig í gær og fór neðar en hún hefur gert síðan í nóvember. **- þj**



**ERFIÐIR TÍMAR** Obama forseti segir Bandaríkin alltaf munu verða í fremstu röð, hvað sem matsfyrirtækin segja. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**FÓRNARLAMBA MINNST** Minningarathöfn um kjarnorkuárásir Bandaríkjanna á Japan verður í Reykjavík og á Akureyri í kvöld. Frá Reykjavíkurtjörn í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kertafleyting friðarsinna:

## Kjarnorkuárása á Japan minnst

**FRIÐARMÁL** Kertum verður fleytt í kvöld til minningar um fórnarlömb kjarnorkuárása Bandaríkjanna á japönsku borgirnar Hiroshima og Nagasaki. Í Reykjavík fer athöfnin fram við Tjörnina og hefst klukkan 22.30. Borgarstjóri mun flytja ávarp. Á Akureyri verður kertum fleytt á tjörninni við Minjasafnið. Áki Sebastian Frostason flytur ávarp.

Nú eru liðin 66 ár síðan Bandaríkjamenn vörpuðu sprengjunum á borgirnar tvær. Árásin á Hiroshima var gerð 6. ágúst en 9. ágúst á Nagasaki. Alls dóu rúmlega 160 þúsund manns í sprengjunum og 10 til 50 þúsund í kjölfarið. **- kóp**

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Þjófur lokaður inni**

Lögreglan gómaði þjóf í Skipholti í Reykjavík í fyrrinótt þar sem hann var að brjótast inn í bíla. Hann var með þýfi í fórum sínum, meðal annars farsíma og mikið af skiptimynt. Hann var vistaður í fangageymslum og síðan yfirheyrður.

### LEIÐRÉTTING

Í Fréttablaðinu í gær var sagt að umsagnarferli þingsályktunartillögu um rammaáætlun um verndun og nýtingu náttúruauðlinda væri 6 vikur. Hið rétta er að það er 12 vikur.

# Kæra útgáfu leyfis frá Orkustofnun

**Hveragerðisbær hefur kært útgáfu rannsóknarleyfis fyrir boranir í Grændal til iðnaðarráðuneytisins. Hluti svæðis er sagður innan bæjarmarka en bæjarstjórn er ekki umsagnaraðili. Ráðherra bað um munnlegan rökstuðning fyrir leyfinu.**

**NÁTTÚRA** Bæjarstjórn Hveragerðis hefur sent iðnaðarráðuneytinu kæru vegna útgáfu rannsóknarleyfa í Grændal í Ölfusi. Leyfið var gefið út 10. maí og hefur sætt mikilli gagnrýni, þar með talið frá iðnaðarráðherra sem fór fram á munnlegan rökstuðning fyrir veitingunni.



**ALDÍS HAFSTEINSDÓTTIR**

Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri Hveragerðis, segir Hvergerðinga mjög ósátta við að vera ekki umsagnaraðilar að málinu. Hluti rannsóknarsvæðisins sé innan bæjarmarka sveitarfélagsins og því eðlilegt og í samræmi við eðlilega stjórnsýslu að leita umsagnar þess.

„Í öllu þessu ferli er sérkennilegt að Hveragerði sé ekki umsagnaraðili þegar verið er að skipuleggja og gera áætlanir um stórfellda uppbyggingu virkjana í túnfætinum hjá okkur," segir Aldís. Þar á hún bæði við rannsóknir í Grændal, Grænsdal eins og heimamenn nefna hann, og virkjanir við Bitru. Aldís segir að virkjanir þar muni eyðileggja Reykjadal sem ferðamannasvæði.

Samkvæmt upplýsingum frá Orkustofnun er Hveragerðisbær ekki aðili að málinu, rannsóknarsvæðið sé innan Ölfuss. Sveitarstjórn Ölfuss gaf rannsóknunum neikvæða umsögn.

Aldís telur að skilyrðislaust eigi að vernda náttúruna í Grændal og Reykjadal og vísar til skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands, en þar hafi Grændalur verið í hæsta verndarflokki háhitasvæða og náttúran þar sögð á heimsmælikvarða.



**BITRA** Hvergerðingar hafa einnig gagnrýnt virkjanaáform við Bitru, enda eyðileggi þau Reykjadal sem útivistarsvæði. Hveragerði hefur kært útgáfu rannsóknarleyfis í Grændal.

Leyfi var gefið út fyrir rannsóknum bæði í mynni dalsins og botni hans. „Ef borað verður innst í Grænsdal kallar það á veglagningu niður dalinn eða inn hann. Það er alveg sama hvernig maður snýr málinu, með því er búið að eyðileggja svæðið," segir Aldís. Engu skipti hvort nýtanleg orka finnist þar eða ekki.

Sunnlensk orka ehf. sækir um leyfi til rannsókna. Hveragerðisbær var á meðal eigenda fyrirtækisins þar til í vetur, en þá sagði bærinn skilið við það. „Við vildum ekki sjá virkjun þarna og hagsmunir Sunnlenskrar orku og Hveragerðis fóru ekki saman."

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra gagnrýndi útgáfu leyfisins á sínum tíma og í viðtali við Fréttablaðið 4. júní sagði hún alla þurfa að stíga varlega til jarðar á meðan unnið væri að rammaáætlun um verndun og nýtingu náttúrusvæða. „Það er augljóst að það er eitthvað að í lagaumhverfinu ef þeir telja sig knúna til að komast að þessari niðurstöðu," sagði ráðherra þá.

**kolbeinn@frettabladid.is**

Stríðsglæpamenn í Svíþjóð:

## Eitt þúsund ef til vill í felum

**SVÍÞJÓÐ** Um þúsund stríðsglæpamenn kunna að vera í felum í Svíþjóð.

Lögregluyfirvöldum hafa borist um 120 tilkynningar um slík mál frá 2006 en rannsókn þeirra tekur langan tíma. Hún er auk þess erfið þar sem oft þarf að fara á heimaslóðir viðkomandi. Í júlí síðastliðnum var meintum stríðsglæpamanni frá Rúanda sleppt en hafði þá verið í haldi í Svíþjóð í þrjú ár. Hæstiréttur taldi ekki forsvaranlegt að halda honum lengur á meðan beðið væri eftir úrskurði um brottvísun. Tveir menn frá Balkanskaga hafa verið dæmdir í Svíþjóð vegna stríðsglæpa. **- ibs**

Yfirmenn í Danmörku:

## Færri haldnir streitu en áður

**DANMÖRK Yfirmenn í Danmörku eru minna stressaðir nú en fyrir tíu árum. Samkvæmt nýrri könnun segjast átta prósent danskra yfirmanna vera stressuð en árið 2002 kváðust um 15 prósent vera haldin streitu.**

**Störf yfirmanna þykja ekki vera minna krefjandi en áður. Bent er á að sýn yfirmanna á starf sitt hafi hins vegar breyst. Þeir eigi auðveldara með að hafna verkefnum og geri sér í meiri mæli grein fyrir mikilvægi þess að starfsmönnum líði vel í vinnunni. Stressaður yfirmaður sé auk þess slæm fyrirmynd. - ibs**

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Innbrot í Grafningi**

Brotist var inn í skemmu við Nesjar í Grafningi um helgina og þaðan stolið verkfærum. Einnig farið inn í bátaskýli við Svínahlíð í Grafningi en óljóst er hvort einhverju var stolið þaðan.






## VEÐURSPÁ



**Snjólaug Ólafsdóttir**
veðurfréttamaður

**GRÍPTU DAGINN!**
Víða verður bjart veður í dag og á morgun en dregur svo fyrir á fimmtudag. Hægur vindur næstu daga, norðlæg í dag en snýst svo í austlæga átt. Veðrið verður að mestu þurrt fram á fimmtudag.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 29° |
| Basel | 23° |
| Berlín | 19° |
| Billund | 18° |
| Frankfurt | 20° |
| Friedrichshafen | 18° |
| Gautaborg | 21° |
| Kaupmannahöfn | 19° |
| Las Palmas | 27° |
| London | 20° |
| Mallorca | 28° |
| New York | 29° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 20° |
| París | 21° |
| San Francisco | 21° |
| Stokkhólmur | 21° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016**: Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is,* Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403**: Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is,* Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

# SUMARDAGAR

**20-50%** AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HEILSURÚMUM

*Smíðum rafmagnsrúm í öllum stærðum!*



## ROYAL OG CLASSIC

**Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á 20% afslætti.**

**12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifingu**

# SUMARDAGAR

**Frí heimsending á hjónarúmum! / Tökum gamla rúmið upp í nýtt!**

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG
## FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

**Vertu örugg/ur. Komdu í greiningu**

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.



### HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?

Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?
Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
Sefurðu illa vegna annara óþæginda?

- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
- slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

**FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM**

**VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM**

**SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í SUMARHÚS FELLIHÝSI OG TJALDVAGNA**

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

**KJÖRKASSINN**



*Telurðu að fækka eigi verkefnum ríkisins?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 56,3% |
| NEI | 43,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú greitt fyrir „svarta“ vinnu?*

Segðu þína skoðun inni á visir.is Vísir

Enn berast kærur í kjölfar verslunarmannahelgarinnar:

# Þrjár nauðganir til lögreglunnar

**LÖGREGLUMÁL** Þrjú nauðgunarmál hafa borist á borð kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í kjölfar síðustu verslunarmannahelgar. Öll atvikin áttu sér stað á höfuðborgarsvæðinu og konurnar fóru allar á bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi fyrir þolendur kynferðisofbeldis.

Tvær af þessum þremur meintu nauðgunum voru kærðar til lögreglu. Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst eru fórnarlömbin á aldrinum átján ára til um þrítugt. Ein kvennanna, sem fór á bráðamóttöku hefur ekki kært nauðgun, en málið fór engu að síður í ferli og endaði á borði lögreglunnar. Umrætt atvik mun hafa átt sér stað á skemmtistað í borginni.

Í hinum tilvikunum tveimur var um að ræða stúlku, sem er tæplega átján ára og konu á þrítugsaldri. Báðar áttu nauðganirnar sér stað í heimahúsum og hinir meintu gerendur voru vel kunnugir þolendunum. Í öðru tilvikinu var karlmaður handtekinn, yfirheyrður og honum síðan sleppt. Hann bar við minnisleysi.

Lögreglan á Selfossi rannsakar fjögur nauðgunarmál eftir Þjóðhátíðina í Vestmannaeyjum. Karlmaður situr í gæsluvarðhaldi til 2. september. - jss




**LÖGREGLUSTÖÐIN VIÐ HVERFISGÖTU** Þrjú nauðgunarmál bárust á stöðina í kjölfar verslunarmannahelgarinnar.

Dýrt að aka of hratt:

# Rúm milljón í sektir á viku

**LÖGREGLUMÁL** Samtals 23 ökumenn voru kærðir fyrir of hraðan akstur í umdæmi lögreglunnar á Selfossi í síðustu viku. Samtals nema sektir vegna brotanna um 1,1 milljón. Tveir óku það hratt að þeir verða sviptir ökuréttindum, annar var á 149 kílómetra hraða en hinn á 154 kílómetra hraða.

Einn var kærður fyrir að nota ekki öryggisbelti og annar reyndist án ökuréttinda. Þá voru tveir kærðir fyrir að aka fram úr öðru ökutæki þar sem bann er við framúrakstri. - jss

# Pyntingarbúðir setja strik í reikning ESB

**Hermenn og lögreglumenn í Simbabve eru sagðir reka pyntingarbúðir á demantaekrum landsins. Stærstu búðirnar eru innan við tvo kílómetra frá námu sem ESB segir uppfylla öll skilyrði til útflutnings. Stjórnvöld vilja engu svara.**

**SIMBABVE** Hugmyndir Evrópusambandsins (ESB) um að heimila innflutning á demöntum frá Simbabve, með skilyrðum, gætu verið í uppnámi eftir að upplýst var um pyntingarbúðir á demantaekrum landsins.

Í fréttaskýringaþættinum Panorama á BBC í gærkvöldi var hulunni flett af pyntingarbúðum sem hermenn og lögreglumenn í landinu reka í Marange-héraði í austurhluta landsins. Stjórnvöld í Simbabve hafa ekki viljað tjá sig um efni þáttarins.

Lögreglumenn og hermenn í Simbabve vinna markvisst að því að fá fólk til að vinna við að grafa eftir demöntum fyrir sig. Þeir sem óhlýðnast, eða heimta betri laun eða aðbúnað, eru sendir í pyntingarbúðirnar. Þangað senda lögreglumenn og hermenn einnig fólk sem hefur orðið uppvíst af því að grafa upp demanta án leyfis.

Fólk sem haft hefur verið í haldi í búðunum sagði fréttamönnum BBC frá því að fólk af báðum kynjum hafi verið barið með svipum, prikum og steinum, og að konum hafi verið nauðgað. Vitni segja búðirnar hafa verið starfræktar í þrjú ár að minnsta kosti.

Fulltrúar ESB hafa undanfarið unnið að því að opna fyrir sölu á alþjóðamarkaði á demöntum frá tveimur námum í Simbabve. Þeir hafa fullyrt að aðstæður í námunum uppfylli alþjóðleg skilyrði. Simbabve hefur ekki getað flutt út demanta með löglegum hætti undanfarin ár eftir að fréttist af morðum og misnotkun á fólki í tengslum við demantavinnslu í landinu.

Stærstu pyntingarbúðirnar eru staðsettar innan við tvo kílómetra frá annarri af þeim tveim námum sem ESB telur uppfylla öll skilyrði til útflutnings. Náinn samverkamaður Roberts Mugabe forseta rekur námuna.



**BLÓÐDEMANTAR** Stofnun sem hefur það að markmiði að stöðva útflutning á demöntum frá stríðshrjáðum löndum hefur ekki viljað opna fyrir útflutning á demöntum frá Simbabve enn sem komið er. NORDICPHOTOS/AFP

> Þeir berja okkur 40 sinnum með svipu á morgnana, 40 sinnum seinnipartinn og aftur 40 sinnum á kvöldin.
>
> **FYRRVERANDI FANGI Í PYNTINGARBÚÐUNUM**

Fyrrverandi fangar í pyntingarbúðunum í Simbabve lýstu pyntingunum á BBC í gær. „Þetta eru pyntingar, stundum geta námuverkamennirnir ekki gengið eftir barsmíðarnar,“ segir einn fanganna fyrrverandi, sem vildi ekki koma fram undir nafni. Annar lýsti því hvernig grimmum hundum er sigað á handjárnaða fangana.

„Þeir berja okkur 40 sinnum með svipu á morgnana, 40 sinnum seinnipartinn og aftur 40 sinnum á kvöldin,“ sagði fyrrverandi fangi.

„Þeir börðu iljarnar á mér með prikum á meðan ég lá á jörðinni. Þeir börðu líka á mér ökklana með steinum,“ sagði hann við fréttamenn BBC. brjann@frettabladid.is

Hestamenn brutu lög þegar þeir reyndu að skilja reiðhross sín frá stóðhrossum:

# Töpuðu tugum hrossa á afrétt

**HESTAMENNSKA** „Það er mjög slæmt ef verið er að hamast í stóðhrossum á afrétti.“

Þetta segir Anna Margrét Jónsdóttir sem sæti á í landbúnaðarnefnd Blönduóssbæjar. Fimm hestamenn voru á ferð með um sextíu hross í gegnum afréttarlönd í Austur-Húnavatnssýslu og Staðarafrétt. Mennirnir misstu öll hrossin, nema þau sem þeir riðu, og blönduðust þau saman við stóðhross sem rekin höfðu verið á afréttinn. Þeir freistuðu þess að skilja sín hross frá afréttarhrossunum og tókst að ná allflestum, að sögn Önnu Margrétar. Slíkt er hins vegar bannað samkvæmt lögum um afréttamál, fjallskil og fleira þar sem segir að enginn megi smala afrétt né gera afréttarbúpeningi ónæði nema með leyfi viðkomandi sveitarstjórnar.

„Þarna er mikið um folaldshryssur og það er hætta á að folöld fælist undan þeim,“ útskýrir Anna Margrét. „Ef verið er að róta mikið í stóðinu getur það einnig gerst að tryppahópar taki á rás og fari um langan veg. Flutningur þeirra til baka er mjög kostnaðarsamur.“

Fjallskilanefnd Austur-Húnavatnssýslu og landbúnaðarnefnd Blönduóssbæjar sendu frá sér yfirlýsingu vegna málsins þar sem minnt var á ofangreind lög. - jss



**STÓÐRÉTTIR** Ekki má hrófla við hrossum á afrétti, nema með leyfi, þar til smalað er í stóðréttir á haustin. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS





AUGLÝSINGA- OG STUTTMYNDAGERÐ

HUGMYND - HANDRIT - TÖKUR
KILIPPING - FRÁGANGUR

FYRIR ÁHUGAFÓLK - KENNT AF FAGFÓLKI

Ef þú ert ein(n) af þeim sem vilt læra með því að framkvæma þá er þetta námskeið fyrir þig. 222 stundir af “hands-on” námi, kennt af fagfólki úr auglýsinga- og kvikmyndageiranum. Hver nemandi gerir bæði auglýsingu og stuttmynd meðan á námskeiðinu stendur.

Ítarlega lýsingu á námskeiðinu er að finna á vefsíðu NTV

Kvöld- og helgarnámskeið hefst 13. september og lýkur 8. des.
Lengd: 222 stundir - Verð: 429.000 kr.
Sérkjör fyrir atvinnulausa (sjá ntv.is)

ntv

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

FÁÐU BEITTUSTU BRANDARANA Í SÍMANN

m.visir.is Fáðu Vísi í símann!

Skopmyndir Halldórs Baldurssonar eru á Vísi

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir. Vísir





Upplýsingar og skráning:
544 4500 / www.ntv.is

# Starfsnám styrkir stöðu þína!

## Yfirlit námsbrauta á haustönn 2011

### Sölu-, markaðs og rekstrarnám 432 stundir (2 annir)

Nemendur öðlast þjálfun og hæfni á sviði sölumennsku þar sem rík áhersla er lögð á ábyrgð sölumannsins og hlutverk hans í stefnumótun fyrirtækisins.

Námið byggir á tveim námskeiðum sem styðja hvort annað þ.e. Sölu- og markaðsnámi og Frumkvöðla og rekstrarnámi. Frábært nám fyrir alla sem starfa eða vilja starfa við sölumennsku og þá sem eru með eða stefna að því að fara út í eigin rekstur.

### Skrifstofu- og rekstrarnám 426 stundir (2 annir)

Námið eykur enn frekar samkeppnishæfni nemenda og býr þá vel undir krefjandi störf á vinnumarkaðnum. Mikil áhersla er lögð á að undirbúa nemendur til starfa við almenn skrifstofustörf og gera þá færari í bókhaldsstörfum. Einstakt tækifæri til að ná sér í þekkingu og færni sem nýtist við rekstur fyrirtækja.

Námið byggir á tveim námskeiðum sem styðja vel hvert annað, þ.e. Skrifstofu- og tölvunámi og Bókaranám framhald.

### Grafísk hönnun 156 stundir

Hér er um að ræða hagnýtt nám fyrir þá sem hafa þörf fyrir tölvutæknina við gerð auglýsinga, kynningarefnis og bæklinga. Kennt er á þau forrit sem aðallega eru notuð við gerð kynningarefnis á stafrænu formi. Markmiðið er að nemendur geti komið frá sér hugmyndum á tölvutæku formi og að frágangur allra verka sé réttur hvort sem það er fyrir prentun eða Internetið.

### Alvöru vefsíðugerð 240 stundir

Með gagnagrunnstengdum vefjum er hægt að minnka alla umsýslu sem og sjálfvirknivæða viðhald og birtingar á gögnum eftir fyrirfram skilgreindum forsendum.

Þegar nemandinn hefur lokið þessu námskeiði á hann að hafa haldgóðan skilning á vefsíðugerð bæði hvað varðar hefðbundnar vefsíður og síðan gagnagrunnstengdar vefsíður. Nemendur hafi vald á meðferð myndefnis fyrir vefinn og framsetningu þess, hafi skilning á virkni hefðbundinna vefsíðna og læri til þess HTML kóðun.

### Skrifstofu- og tölvunám 258 stundir

Almennt skrifstofu- og tölvunám sem hentar sérstaklega vel þeim aðilum sem eru á leið inná vinnumarkaðinn eftir nokkurt hlé. Eins er það mjög gott fyrir þá sem vilja styrkja stöðu sína í starfi. Í náminu er lögð mjög mikil áhersla á að styrkja einstaklinginn og gera hann hæfari til að takast á við krefjandi störf á vinnumarkaðnum.

### Sölu- og markaðsnám 264 stundir

Þetta er líflegt og fjölbreytt nám fyrir þá sem vilja tileinka sér sérþekkingu á sölu- og markaðsmálum. Eins er námið kjörið fyrir þá aðila sem vilja styrkja sig í starfi.

Í náminu er farið í hlutverk sölumannsins, samskipti við viðskiptavininn eru könnuð og farið í grundvallaratriði í gerð kynningarefnis. Einnig er farið yfir helstu atriði markaðsfræðinnar. Náminu lýkur með umfangsmiklu lokaverkefni.

### Frumkvöðla- og rekstrarnám 168 stundir

Námið er sérstaklega hagnýtt og hnitmiðað, bæði fyrir þá sem vilja styrkja eða stofna til eigin reksturs. Námið miðar að því að kenna gerð viðskiptaáætlana og hvernig hægt er að greina á milli arðbærra og óarðbærra hugmynda. Í náminu er mikilli athygli beint að mikilvægi þess að gera raunhæfar áætlanir og hvernig hægt er að styrkja þær með mismunandi rannsóknum og greiningu á markaðnum.

Inntökuskilyrði er almenn kunnátta í verslunarreikningi og í notkun á Excel töflureikni.

### Bókaranám framhald 168 stundir

Frábært námskeið fyrir alla sem hafa almenna þekkingu á bókhaldi.

Að námi loknu eiga nemendur að vera færir að sjá um viðskiptamannakerfi, launakerfi og vera færir um að framkvæma einföld uppgjör á bókhaldi ásamt öllum þeim afstemmingum og lokafærslum sem þarf fyrir skil til endurskoðanda.

OPIN KERFI — Microsoft Certified Partner, Learning Solutions — Pearson VUE Authorized Test Center — Prometric

Atvinnulausir fá 25% styrk frá NTV
af auglýstu staðgreiðsluverði

INNRITUN FYRIR HAUSTÖNN STENDUR YFIR

ntv

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN - VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI - HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI 544 4500 : WWW.NTV.IS

**FRÉTTASKÝRING:** Hvað orsakaði vandræðin á evrusvæðinu?

# Skuldakreppan í Evrópu magnast

**Hlutabréfaverð hefur hrunið í helstu kauphöllum að undanförnu. Að baki liggja áhyggjur af framtíð evrusvæðisins og hagvaxtarhorfum á Vesturlöndum. Jafnframt virðast fjárfestar verða sífellt svartsýnni á að það takist að leysa fyrirliggjandi vanda. Fréttablaðið heldur áfram að fjalla um titringinn á mörkuðum og tekur hér fyrir evrópsku skuldakreppuna.**

Skuldakreppa hefur skekið stoðir evrusamstarfsins síðustu misseri. Kreppan hófst í lok árs 2009 þegar áhyggjur vöknuðu hjá fjárfestum af mikilli skuldabyrði nokkurra ríkja evrusvæðisins og getu þeirra til að standa undir henni.

Fyrst um sinn beindust sjónir manna aðallega að Grikklandi en staða ríkisfjármála var einnig sérstaklega slæm á Írlandi, í Portúgal, á Spáni, Ítalíu og í Belgíu. Opinberar skuldir ríkjanna voru miklar og fjárlagahalli þeirra hár í kjölfar alþjóðlegu fjármálakreppunnar. Þá var viðskiptajöfnuður, mismunur út- og innflutnings, neikvæður hjá þeim öllum.

Eftir því sem áhyggjur fjárfesta mögnuðust hækkaði ávöxtunarkrafa ríkisskuldabréfa þessara ríkja. Kröfur á bréf krísuríkjanna fóru verulega upp fyrir kröfur á bréf hinna ríkja evrusvæðisins. En eftir því sem ávöxtunarkrafa skuldabréfa hækkar verður erfiðara að borga niður skuldirnar. Að sama skapi hækkaði skuldatryggingaálag ríkjanna, sem mælir í raun líkurnar á greiðslufalli, talsvert. Þá lækkuðu matsfyrirtækin lánshæfismat sitt á evrópskum ríkisbréfum.

Í eitt og hálft ár hafa leiðtogar evruríkjanna, hinna ríkja Evrópusambandsins (ESB) og stjórnendur Evrópska seðlabankans reynt að sefa áhyggjur fjárfesta. Stofnuð var sérstök stöðugleikastofnun ESB sem hefur veitt krísuríkjunum stór neyðarlán en þeim hafa fylgt skilyrði um aðhaldsaðgerðir í ríkisfjármálum. Þá hefur Evrópski seðlabankinn keypt ríkisskuldabréf krísuríkjanna í einhverjum mæli til að halda niðri ávöxtunarkröfunni. Á sunnudagskvöld tilkynnti bankinn að meiri kraftur yrði nú settur í skuldabréfakaupin.

Hingað til hafa tilraunir evrópskra stjórnvalda til að róa markaði ekki virkað sem skyldi. Björgunarpökkum og tilkynningum Evrópska seðlabankans hefur yfirleitt verið tekið vel fyrst um sinn en í hvert sinn hefur skuldakreppan farið af stað aftur innan skamms með meiri krafti en áður.

Þá telja margir nálgun evrópskra stjórnvalda einfaldlega ranga. Grikkland, Írland og Portúgal geti einfaldlega ekki staðið undir skuldum sínum og þá staðreynd verði bara að viðurkenna og endurskipuleggja skuldir þeirra. Meiri bjartsýni ríkir um horfur Ítalíu og Spánar þótt staðan þar sé einnig alvarleg.

## Ástæður erfiðleikanna

Beinar skýringar skuldakreppunnar eru í raun ekki sérlega flóknar. Meðan á alþjóðlegu fjármálakreppunni stóð töpuðu flestir bankar Evrópu verulegum fjárhæðum vegna lækkunar eignaverðs og frosts á skuldabréfamörkuðum. Þá sprakk fasteignabóla í nokkrum þeirra ríkja sem nú standa hvað verst. Niðursveiflan sem fylgdi í kjölfarið og dýrar aðgerðir til bjargar kerfislega mikilvægum bönkum ollu því að staða ríkisfjármála hríðversnaði í flestum ríkja Evrópu.

Þau ríki sem verst standa í dag eiga það sameiginlegt að hafa haft litla stjórn á ríkisfjármálunum fyrir fjármálakreppuna. Grikkland er ýktasta dæmið en komið hefur í ljós að hagtölur um ríkisfjármálin þar voru falsaðar stóran hluta síðasta áratugar. Sú linkind við stjórn ríkisfjármála sem ríkin sýndu braut í bága við stöðugleika- og vaxtarsamkomulag evrusvæðisins en því virðist einhverra hluta vegna ekki hafa verið gefinn mikill gaumur.

Írland er að vísu undantekning frá þessu en þar var staða ríkisfjármála góð fyrir kreppuna. Kostnaður írska ríkisins af því að bjarga þarlendum bönkum var hins vegar meiri en kostnaður nokkurs annars ríkis.

Annað sem sameinar krísuríkin er að þau glíma öll við viðvarandi viðskiptahalla en slíkum halla fylgir ávallt aukin skuldsetning. Ríkin geta því ekki treyst á fjármagn að utan til þess að greiða niður skuldir.



**SEÐLABANKI EVRÓPU** Margir kalla eftir markvissari aðgerðum við skuldakreppunni frá Evrópska seðlabankanum. Skuldakreppan hefur reynst erfiðasta raun evrusamstarfsins hingað til. NORDICPHOTOS/AFP

### Evrópski seðlabankinn heitir aðstoð

Evrópski seðlabankinn sendi frá sér tilkynningu á sunnudagskvöld um að bankinn hygðist berjast gegn skuldakreppunni með því að kaupa upp spænsk og ítölsk ríkisskuldabréf. Tilkynningin hafði þau áhrif að í gær lækkaði ávöxtunarkrafa á ríkisskuldabréf ríkjanna merkjanlega þótt hlutabréfamarkaðir hafi haldið áfram að falla. Hvort skuldabréfakaupin hafi tilætluð áhrif til lengri tíma á hins vegar eftir að koma í ljós.

Evrópski seðlabankinn hefur verið tregur til að aðhafast í baráttunni gegn skuldakreppunni og fara þar með út fyrir helsta hlutverk sitt: að hafa hemil á verðbólgu. Stjórnendur bankans hafa hvatt stjórnmálamenn til að koma á stjórn á ríkisfjármálunum í krísuríkjunum og leysa vandann þar með sjálfir. Sumir hagfræðingar hafa hins vegar gagnrýnt bankann fyrir þetta aðgerðaleysi og sagt að það væri kominn tími til að eyða hluta af þeim mikla trúverðugleika sem bankinn hefur byggt upp frá stofnun sinni.

## Dýpri rætur vandans

Þótt beinar skýringar skuldakreppunnar séu einfaldar má segja að vandinn sé dýpri því skuldakreppan hefur afhjúpað ákveðna galla í gangvirki evrusamstarfsins.

Hagstjórn hins opinbera er yfirleitt skipt í tvennt. Annars vegar peningamálastjórn sem er á hendi seðlabanka og hins vegar stjórn ríkisfjármála sem er á hendi ríkisstjórna. Evrusamstarfið byggir á sameiginlegri peningamálastjórn en stjórn ríkisfjármála er á hendi hvers ríkis fyrir sig. Evruríkin samþykktu öll hinn svokallaða stöðugleika- og vaxtarsamning sem átti að koma í veg fyrir að ólík stjórn ríkisfjármála myndi valda innbyrðis ójafnvægi milli evruríkjanna. Nú hefur hins vegar komið í ljós að samningurinn reyndist ekki nægileg vörn.

Frá því að evran varð til má segja að norður- og suðurhluti evrusvæðisins hafi rekið hvor frá öðrum þar sem ekki voru til staðar úrræði til að leiðrétta ójafnvægið. Hlutfallslegur launakostnaður jókst merkjanlega í ríkjum eins og Grikklandi og Spáni en minnkaði í til að mynda Þýskalandi.

Þetta gerðist aðallega af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi þar sem norðurríkin fylgdu aðhaldssamri og má segja skynsamlegri ríkisfjármálastefnu en suðurríkin. Án evrunnar hefði gengi gjaldmiðla suðurríkjanna styrkst til að leiðrétta jafnvægið en evran kom í veg fyrir það og ójafnvægið ágerðist.

Hin ástæðan er sú að raungengi krísuríkjanna virðist hafa verið of lágt þegar þau skiptu yfir í evruna og raungengi Þýskalands, Frakklands og fleiri ríkja of hátt. Þetta olli nafnvaxtamun sem gerði það að verkum að mikið fjármagn flæddi frá norðurríkjunum til suðurríkjanna á fyrri hluta síðasta áratugar. Það kynti undir fasteignabóluna sem varð í nokkrum krísuríkjanna á meðan norðurríkin glímdu við hægan vöxt.

## Hver er framtíð evrusvæðisins?

Enn er ansi langsótt að halda því fram að evrusamstarfinu verði einfaldlega hætt vegna skuldakreppunnar þótt það sé ekki útilokað. Hins vegar verða að öllum líkindum gerðar breytingar á fyrirkomulagi evrusamstarfsins þegar skuldakreppunni er lokið. Þó ber að taka fram að henni er hvergi nærri lokið. Ef marka má spámarkaðinn Intrade eru nokkrar líkur á því að eitthvert evruríkjanna dragi sig úr samstarfinu á næstu misserum. Þá verður að teljast líklegt að afskrifa þurfi hluta af skuldum eins eða fleiri krísuríkjanna.

Í framhaldinu blasa í raun tveir kostir við evruríkjunum. Annaðhvort að setja strangari reglur um ríkisfjármál hvers ríkis fyrir sig eða þá að koma einfaldlega á sameiginlegri stjórn ríkisfjármála. Seinni kosturinn virðist aftur á móti pólitískt óraunhæfur og því er sá fyrri mun líklegri.

Ekkert hefur verið ákveðið um hvernig slíkum breytingum verður háttað. Líklegast er þó að ríkjum með óhóflegan fjárlagahalla og laka skuldastöðu verði refsað sem og að einhvers konar hvatakerfi verði komið á til að takmarka óhóflegan viðskiptahalla.

## Af hverju lætin núna?

Sá titringur sem hefur skekið markaði síðustu daga virðist stafa af því að fjárfestar séu að verða sífellt svartsýnni á að stjórnmála- og seðlabankamönnum takist að leysa fyrirliggjandi vanda.

Í viðtali við Fréttablaðið í gær sagði Gylfi Zoëga, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands, að stjórnmálamönnum í Evrópu hefði ekki tekist að koma sér saman um það hver eigi að bera kostnaðinn við fjármálakreppuna. Auk þess hafa björgunaraðgerðir sem gripið hefur verið til verið ósannfærandi.

Gylfi sagði mikilvægustu spurninguna vera hver eigi að bera tapið. Eigendur bankanna eða skattgreiðendur? Ef svarið er skattgreiðendur, þá hvort það eru skattgreiðendur þeirra ríkja þar sem slæmu lánin voru veitt eða þeirra þar sem lánin voru tekin. Þá er einnig tekist á um það hvernig brúa á fjárlagagöt krísuríkjanna. Eiga þeir efnuðu að taka höggið með skattahækkunum, þeir sem minna hafa í gegnum niðurskurð á opinberri þjónustu eða þá lánardrottnar með gengisfalli evrunnar og verðbólgu?

Þetta eru erfiðar pólitískar spurningar og meðan ekki liggja fyrir svör við þeim mun skuldakreppan halda áfram. Evrusamstarfið er að ganga í gegnum sína erfiðustu raun.




Magnús Þorlákur Lúðvíksson
magnusl@frettabladid.is



10 daga innri
hausthreinsun
dagana 26. ágúst til 4. september með Lindu Pétursdóttur

Haustið kallar á að efna gömul heit um að bæta heilsuna og prófa eitthvað nýtt og ferskt. Ef þú finnur fyrir orkuleysi, höfuðverk, löngun í sykur, verki í liðum, færð oft kvef og vilt byrja að léttast - þá er tími til kominn að heilsa haustinu með tíu daga hausthreinsun.

**Námskeiðið inniheldur:**
Opnunarfyrirlestur og matreiðslunámskeið með Lindu fimmtudaginn 24. ágúst; bækling með hreinsunarleiðbeiningum, uppskriftum og innkaupalista; dagleg ráð og hvatning í tölvpósti á meðan á hreinsun stendur; aðgangur að Google stuðningshópi.



Opnunarfyrirlestur og matreiðslunámskeið í Maður Lifandi Borgartúni 24, fimmtudaginn **24. ágúst** kl. 18:00 til 21:00 | Verð aðeins **17.900 kr.***

Skráning: **linda@simplewellbeing.com**
Nánari upplýsingar: **www.madurlifandi.is**

*16.900 kr. ef þú skráir þig fyrir 17. ágúst

maður lifandi
www.madurlifandi.is

Borgartúni 24
105 Reykjavík
Sími: 585 8700

Hæðasmára 6
201 Kópavogur
Sími: 585 8710

Hafnarborg
220 Hafnarfirði
Sími: 585 8720




**VW Passat** Comfort TDi
Árgerð 2006, dísel
Ekinn 83.000 km, beinskiptur
Ásett verð
**2.290.000,-**

# NÝLEGIR GÆÐABÍLAR Á GÓÐU VERÐI

Komdu til okkar á **Laugaveg 174** og prófaðu einn af gæðingunum í notuðum bílum. Sölumenn taka vel á móti þér!



**Mercedes-Benz**
Árgerð 2005, bensín, A-150
Ekinn 107.000 km, beinsk.
Ásett: 1.690.000
Tilboðsverð
**1.190.000,-**



**Mercedes-Benz**
Árgerð 2002, bensín, ML500
Ekinn 102.000 km, sjálfsk.
Ásett: 2.850.000
Tilboðsverð
**2.290.000,-**



**Subaru Legacy**
Árgerð 2008, bensín
Ekinn 88.000 km, sjálfsk.
Ásett: 2.970.000
Tilboðsverð
**2.390.000,-**



**MM Lancer 1.6**
Árgerð 2006, bensín
Ekinn 83.000 km, sjálfsk.
Ásett: 1.590.000
Tilboðsverð
**1.230.000,-**



**MM Pajero** Instyle
Árgerð 2008, dísel
Ekinn 65.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
**6.950.000,-**



**Subaru Impreza**
Árgerð 2008, bensín
Ekinn 51.000 km, beinsk.
Ásett verð
**2.820.000,-**



**VW Passat** TDI 4Motion
Árgerð 2007, dísel
Ekinn 81.000 km, beinsk.
Ásett verð
**3.450.000,-**



**Toyota** Avensis Sol
Árgerð 2008, bensín
Ekinn 80.000 km, beinsk.
Ásett verð
**2.750.000,-**



**VW Polo** Comfortline
Árgerð 2008, bensín
Ekinn 62.000 km, beinsk.
Ásett verð
**1.590.000,-**



**Skoda Fabia**
Árgerð 2011, bensín
Ekinn 1.500 km, beinsk.
Ásett verð
**2.490.000,-**



**Audi A4 1,8T**
Árgerð 2008, bensín
Ekinn 62.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
**4.780.000,-**



**Toyota Corolla**
Árgerð 2006, bensín
Ekinn 56.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
**2.190.000,-**

HEKLA **NOTAÐIR BÍLAR**

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

**Kíkið inná:**
heklanotadirbilar.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Þeir sem þiggja atvinnuleysisbætur en stunda svarta vinnu hlunnfara samborgarana.

## Svindl af ómerkilegustu sort

Undanfarið hefur verið fjallað um erfiðleika ýmissa fyrirtækja við að ráða fólk í vinnu, ekki sízt iðnmenntaða starfsmenn. Þrátt fyrir að fólk með iðnmenntun sé á atvinnuleysisskrá fæst það ekki til að taka að sér laus störf. Um leið fjölgar vísbendingum um að svört atvinnustarfsemi færist í vöxt.

Fréttablaðið sagði í gær frá verktaka á Akureyri sem vildi ráða smiði í vinnu og hafði samband við 20, sem skráðir voru atvinnulausir en enginn þeirra vildi þiggja starfið. Sömu sögu sögðu eigendur bíla- og vélaverkstæða, sem auglýst hafa án árangurs eftir starfsfólki með iðnmenntun.

SKOÐUN
Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is



Stefán Einarsson, byggingaverktakinn sem við var rætt, segir þetta ástand mjög sérstakt. „Ég skil að vísu að menn fái sér svarta vinnu með atvinnuleysisbótum til þess að hafa ofan í fjölskylduna. Menn eru svo skattpíndir. Ég verð hins vegar grautfúll þegar þetta bitnar á mér," segir hann.

Það er út af fyrir sig rétt að háir skattar geta ýtt undir að menn reyni að svindla á skattkerfinu. Það er þó aldrei hægt að nota háa skatta sem afsökun fyrir því að svíkja undan skatti. Skattsvikarar koma sér einfaldlega undan því að leggja sitt af mörkum til sameiginlegs sjóðs landsmanna, en halda flestir áfram að þiggja þjónustuna sem skattgreiðendur fjármagna.

Þegar menn þiggja svo bætur frá samborgurunum á þeim forsendum að þeir hafi ekki atvinnu en afla sér á sama tíma tekna sem engir skattar eru greiddir af, er það svindl af ómerkilegustu sort. Það á ekki að umbera, loka augunum fyrir því eða þegja um það.

Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra segir í Fréttablaðinu í gær að stífar reglur eigi að gilda um það, þiggi menn á atvinnuleysisskrá ekki vinnu. Þeir eigi þá að fara af henni og missa bæturnar, nema um alveg sérstakar ástæður sé að ræða. Fullt tilefni er til að fylgja þessum reglum fast eftir, því að bæturnar eru fyrir þá sem eru raunverulega atvinnulausir, ekki fyrir gerviatvinnulausa í svartri vinnu.

Sérstakt vettvangsteymi á vegum átaks Alþýðusambandsins, Samtaka atvinnulífsins og ríkisskattstjóra um eflingu góðra atvinnuhátta fylgist nú með á vinnustöðum og hefur fundið allnokkur dæmi um svarta vinnu. Slíkt eftirlit er góðra gjalda vert, en kemur þó aldrei í staðinn fyrir heiðarleika, löghlýðni og það viðhorf að menn standi einfaldlega skil á sínu til samfélagsins, jafnvel þótt þeir séu ósammála skattprósentunni sem Alþingi hefur ákveðið.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

**Dr Organic – hreinar náttúruvörur**




**Kælandi og græðandi, 98,9% hreint Aloe Vera gel án skaðlegra aukaefna.**

**Fæst í flestum apótekum og heilsubúðum.**

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Illa farið með góðan dreng

Ekki er laust við að bestu þýðingu kvikmyndatitils hafi skotið upp í hugann á mörgum við lestur einkaviðtals Pressunnar við Karl Wernersson. Er þar vísað í hina sígildu mynd frá 1985, Turk 182, sem hlaut þá snilldarþýðingu Illa farið með góðan dreng. Blaðamaður Pressunnar spyr Karl út í viðskipti hans sem leigusala, bæði hér heima og á Ítalíu, hvort hann verði fyrir ónæði í sínu daglega lífi á Íslandi og hvernig honum gangi að fóta sig í lífinu. Allt gríðarlega áhugaverðar spurningar. Einhver hefði þó talið að meiru skipti að spyrja Karl út í fjölda riftunarmála á hendur honum og Steingrími bróður hans vegna Milestone, hlut hans í hruninu og fleira smáræði. En Pressan vill vita hvort Karl sé ekki „annars bara góður".

### Málsvarslausi hópurinn

Athyglisvert hefur verið að fylgjast með umræðum um ummæli Páls Óskars Hjálmtýssonar, en hann var að vanda skorinorður í yfirlýsingum sínum vegna Gay Pride. Páll sagði opið skotleyfi á alla sem ekki væru hvítir gagnkynhneigðir karlmenn í jakkafötum, hægri sinnaðir og ættu peninga. Margir hafa jesúsað sig yfir þessum ummælum og oft er engu líkara en með þessu hafi Páll Óskar ráðist að undirmálshópi. Raunin er hins vegar sú að barna lýsir Páll Óskar ráðandi stétt, en ekki málsvaralausum hópi.





### Leiðrétting

Í þessum dálki í gær var fjallað um hugmynd Lilju Mósesdóttur um skatt á útflutning sem hún lýsti í útvarpsþætti á sunnudag. Blaðamaður misskildi orð Lilju og sagði hana hafa haldið því fram að 10 prósenta útflutningsskattur myndi hækka gengi krónunnar. Lilja sagði það ekki, heldur það að með slíkum skatti væri hægt að ná inn tekjum sem myndu vega upp þann kostnað sem of veik króna veldur þjóðarbúinu. Lilja telur krónuna of veika sem nemur rúmlega 10 prósentum.

**kolbeinn@frettabladid.is, magnusl@frettabladid.is**

HALLDÓR




## Stjórnlagaráð – hvað næst ?

Ný stjórnarskrá

Valgerður Bjarnadóttir
alþingismaður



Íkjaftadálki Eyjunnar, Orðinu á götunni, var sagt frá því að stjórnlagaráðsfólki þyki lítið til um viðbrögð stjórnmálaflokkanna við tillögu ráðsins að nýrri stjórnarskrá. Eftir því sem ég hef orðið vör við hefur enginn stjórnmálaflokkanna brugðist við tillögunum. Miðað við þá skynsemi sem stjórnlagaráðið sýndi í vinnubrögðum sínum á ég bágt með að trúa að þau sem sæti áttu í ráðinu setji samasemmerki á milli allra stjórnmálaflokkanna í landinu og Þorsteins Pálssonar og dæmalausrar greinar hans í Fréttablaðinu um tillögu ráðsins.

Ekki mundi mig þó undra ef stjórnlagaráðið hefði orðið fyrir vonbrigðum með fréttaflutning af því þegar ráðið skilaði tillögum sínum. Í því sambandi geri ég helst kröfu til Ríkisútvarpsins, en fréttafólkinu þar fannst markverðara að verslunarmannahelgin fór í hönd. Viðtöl við stráka á leið til Vestmannaeyja á Þjóðhátíð birtust á undan frásögnum af skilum stjórnlagaráðsins – það fréttamat var sannarlega með endemum.

Stjórnmálamenn og stjórnmálaflokkar eiga alltaf að vanda sig. Í þessu stóra og mikilsverða máli er ekki síst nauðsyn á að þeir geri það. Eðli máls samkvæmt verða aldrei allir á eitt sáttir um hvernig stjórnarskráin á að vera – nema þá að við byggjum í Hálsaskógi, sem við gerum ekki.

Nú þarf að huga að því hvernig haldið verður áfram með málið. Fyrst og fremst hlýtur að vera áríðandi að kynna tillögu stjórnlagaráðsins fyrir fólkinu í landinu. Síðan þarf að kanna hug fólksins til tillögunnar. Hvernig er best að standa að þessu, það þarf að íhuga rækilega.

Einhverjir stjórnlagaráðsmenn hafa haft á orði að kannski ætti ráðið að koma saman aftur þegar málið hefur verið kynnt og viðbrögð hafa komið við tillögunni. Er skynsamlegt að fara þá leið ? Eða á einfaldlega að bera tillöguna undir þjóðina eins og hún er núna eftir að hún hefur verið kynnt.

Þarf meirihluti þjóðarinnar að greiða atvæði um tillöguna? Ótal fleiri spurningar munu vakna þegar til kasta Alþingis kemur um áframhald málsins.

Hvort heldur okkur líkar betur eða verr á Alþingi lokaorðið um hvernig öllu þessu verður háttað. Það á við bæði um innihald og umgjörð. Stjórnlagaráðið hefur lagt til innihaldið, okkar á þinginu er að gera umgjörðina þannig að niðurstaðan verði sú sem flestir geta sætt sig við. Vonandi tekst okkur sem þar sitjum að taka okkur vinnubrögð stjórnlagaráðsins til fyrirmyndar og vinna af kostgæfni og æsingalaust að framhaldi málsins. Þá ósk á ég reyndar um öll störf þingsins enn ekki bara þetta eina áríðandi mál.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Ósanngjörn landbúnaðarumræða

Landbúnaður
Einar K. Guðfinnsson
alþingismaður



Ígúrkutíð sumarsins hófst duggunarlítil umræða um landbúnaðarmál. Ekkert er undan því að kvarta að menn hefji máls á því sem þeir telja brýnt, nema að því leytinu að í umræðunni var öllum hlutum snúið á haus. Þannig var það sem síst skyldi, gert tortryggilegt og ósanngjörnum vopnum því beitt gegn íslenskum landbúnaði. Tilefni þessa greinarkorns er að bregðast við því.

Í fyrsta lagi þetta. Fyrr í sumar birtust fréttir af því að stórverslunin Bónus vildi afnema svo kallaða skilaskyldu á íslenskum kjötvörum og jafnvel líka öðrum landbúnaðarafurðum. Þetta voru í sjálfu sér jákvæðar fréttir. Skilaskyldan hefur lengi verið þyrnir í augum íslenskra afurðastöðva og framleiðenda íslenskra matvara. Árið 2009 á 136. löggjafarþinginu flutti ég ásamt tíu öðrum þingmönnum Sjálfstæðisflokksins þingsályktunartillögu um málið sem var svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela efnahags- og viðskiptaráðherra að móta reglur um skilaskyldu á ferskum matvörum í verslunum, til þess að tryggja eðlilegt og sanngjarnt samkeppnisumhverfi innlendrar matvælaframleiðslu.“

Tillagan hlaut ekki afgreiðslu og höfum við flutt hana í tvígang síðan. Nú síðast var henni dreift á Alþingi 4. október sl. en hefur ekki verið afgreidd. Málið fékk þó almennt jákvæðar undirtektir, svo sem í umræðum á Alþingi. Var það meðal annars sent til umsagnar sjávarútvegs og landbúnaðarnefndar, sem samþykkti einróma jákvætt álit þann 24. nóvember sl. Enn bólar ekki á afgreiðslu málsins, en þingið hefur þó möguleika á að ljúka því nú í september.

### Hvað er skilaskylda?

Í greinargerð með tillögunni er skilaskyldan útskýrð með þessum hætti: „Skilaskyldan felur í sér að kjósi verslunareigandi svo, getur hann sér að kostnaðarlausu krafist þess að framleiðandi taki til baka framleiðsluvörur sem eru að nálgast síðasta söludag. Þetta á við um íslenskar matvörur en ekki þær erlendu.“

Þannig er skilaskyldan klárleg mismunun gagnvart íslenskri framleiðslu, en á það þarf þó að líta að í skilaskyldu getur falist trygging fyrir því að ekki verði óeðlileg birgðasöfnun í verslun, með tilheyrandi kostnaði og rýrnun sem að lokum falli á neytendur í hærra vöruverði.

Þegar þetta er skoðað sjá allir hversu ósanngjarnt það er þess vegna að halda því fram, eins og gert hefur verið núna nýverið, að skilaskyldan sé til marks um sóun í íslenskum landbúnaði og að um sé að ræða nokkurs konar ríkisstyrk við að farga landbúnaðarafurðum sem komnar eru fram yfir söludag. Skilaskyldan er ekki það sem bændur eða afurðastöðvar hafa krafist. Öðru nær. Þeir aðilar hafa ályktað um að afnema hana.

### Jákvæðar fréttir af vaxandi útflutningi

Hitt atriðið sem hér skal gert að umtalsefni er vaxandi útflutningur á landbúnaðarafurðum.

Í gegnum tíðina hafa menn af mikilli þrautseigju reynt að hasla íslenskri landbúnaðarframleiðslu völl á erlendum mörkuðum. Sú viðleitni hefur gengið upp og ofan, en nú um stundir sjáum við merki um að betur horfi. Þessi útflutningur veldur engum viðbótar útgjöldum fyrir ríkissjóð. Þvert á móti. Þessi útflutningur er til ábata fyrir samfélagið og ríkissjóð. Umsvifin aukast, tekjur bænda verða meiri, störf verða til hjá fólki sem ella væri án atvinnu. Þannig dregur fremur úr útgjöldum ríkisins og tekjurnar aukast með vaxandi útflutningsframleiðslu á landbúnaðarvörum.

### Margt veldur um betri horfur

Það er margt sem leggst á eitt og veldur því að betur horfir nú um útflutning á ýmsum landbúnaðarafurðum en fyrr. Fyrst ber að nefna þrautseigju þeirra sem hafa unnið að þessum málum, með ærnum tilkostnaði, vöruþróun og markaðsvinnu. Sá kostnaður hefur að minnstu fallið á ríkissjóð, gagnstætt því sem látið hefur verið í veðri vaka. Þessi kostnaður lagðist ekki síst á bændur og afurðastöðvarnar. Núna erum við að sjá árangur erfiðisins. Þá eru aðstæður til útflutnings á dilkakjöti á alþjóðlegum mörkuðum betri en oft áður, af ýmsum ástæðum, meðal annars vegna minna framboðs frá hefðbundnum útflytjendum frá Nýja-Sjálandi og víðar. Loks er það augljóst að lágt gengi krónunnar styður við þennan útflutning, eins og annan, nú um stundir.

### Ábending Josephs Stiglitz Nóbelsverðlaunahafa

Allt hefði þetta því átt að vera fagnaðarefni. Það er því í meira lagi ósanngjarnt að gera þennan útflutning tortryggilegan og jafna honum á einhvern hátt við útflutning sem stundaður var á landbúnaðarafurðum með útflutningsbótum, eins og átti sér stað fram að síðasta áratug síðustu aldar.

Sé það hins vegar skoðun einhvers að stuðning við íslenska landbúnaðarframleiðslu eigi að minnka, er vitaskuld heiðarlegt að segja það hreint út, en ekki undir rós. Slíkt hefði ófyrirséð áhrif, sem mönnum ber þá að gera grein fyrir. Það er nefnilega rétt sem Nóbelsverðlaunahafinn í hagfræði, Joseph Stiglitz, segir í bók sinni Fair trade for all; menn eru flestir tilbúnir til þess að gera tilkall til þess ávinnings sem þeir ætla af minni landbúnaðarstuðningi, en engir heimtingu á að bera kostnaðinn sem af þeirri stefnumótun hlýst.

### Þversögn og ESB-umræðan

Og svo er það eitt að lokum. Málefni landbúnaðarins er mjög á dagskrá í tengslum við aðildarumsókn okkar að ESB. Það vekur athygli að þeir sem ákafastir eru í baráttunni fyrir aðild, þreytast ekki á því að segja okkur að með inngöngunni í ESB opnist miklir möguleikar til margs konar opinbers stuðnings við landbúnaðinn, ekki síst við sauðfjárframleiðsluna. Þeir sem þannig tala og vilja uppvægir halda þá leið, geta að minnsta kosti ekki í hinu orðinu gert það tortryggilegt að við séum að ná meiri árangri við útflutning landbúnaðarvara, án tilkostnaðar af hálfu ríkissjóðs. Í því felst algjör þversögn, sem ekki gengur upp.

AF NETINU

## ESB-umsókn lamar ríkisstjórnina

Aðildarumsókn um Evrópusambandið var samþykkt naumlega á Alþingi 16. júlí 2009.

Síðan þá hefur ríkisstjórn Íslands undirbúið aðild landsins að Evrópusambandinu. Önnur verkefni stjórnarinnar hafa setið á hakanum. Jóhönnustjórnin býður ekki upp á aðra framtíðarsýn en ESB-aðild með evruna sem lögeyri í landinu.

Innganga í evruland, þ.e. inn í Evrópusambandið og í samstarf við þau 17 ríki ESB sem eru með evru sem lögeyri, er ómöguleg vegna þess að innan tíðar verður evruland ekki til.

http://pallvil.blog.is
Páll Vilhjálmsson

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

www.meiraprof.is
Farðu ekki án **réttinda** á vinnuvélar til **Evrópu**, vertu klár í allt, heima sem erlendis

**Skjót leið**
til **starfs**menntunar

Réttindanámskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla, kláraðu þetta á móðurmálinu ef þú hefur hug á starfi í Evrópu. Hægt er að byrja alla föstudaga kl. 17.30, námið tekur 3 helgar, sjá nánar á heimasíðunni **meiraprof.is** eða hringdu í síma 588 45 00

NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU



ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI

**Skapaðu þér þitt eigið góðæri**

Námskeið til aukinna ökuréttinda og vinnuvélanámskeiðið gefur aðgang að þúsundum áhugaverðra starfa. Fyrir þá sem ekki eru með umtalsverða framhaldsmenntun er það ekki spurning að afla sér þeirra réttinda sem þessi námskeið veita. Fjöldi fólks með mikla sérmenntun sækir þó þessi námskeið til að eiga möguleika á að komast út frá pappír og tölvum og láta til sín taka á sverum trukkum og öflugum vinnuvélum, þó ekki sé nema í sumarfríum.
Starfsmenn skólans eru með áralanga reynslu í kennslu á þessu sviði og þjálfaðir í að kenna fólki sem að öllu jöfnu hefur skóla ekki efst á vinsældarlistanum. Við starfsmenn skólans kappkostum að flytja hagnýtan fróðleik sem kemur nemendum og vinnuveitendum þeirra ( og öllum vegfarendum ) að gagni alla daga. Við kennararnir trúum líka á líf **fyrir** dauðann og leggjum okkur fram um að námið sé ekki bara hagnýtt, heldur einnig skemmtilegt.
Ekki bíða eftir tíma til að framkvæma þetta sem þú hefur hugsað lengi um, það er annað orð yfir aldrei. Búðu tímann til, stattu með sjálfum þér og byrjaðu strax. Við fögnum því að fá að hitta þig og að fá þannig tækifæri á að auka árangur þinn í lífinu.

NÝI ÖKUSKÓLINN
KLETTAGÖRÐUM 11 ( et-húsinu ) REYKJAVÍK



ALLAR FREKARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 588 45 00

INTER SPORT
ÞAÐ ER SPORT AÐ SPARA





40% AFSLÁTTUR
(fullt verð 14.990)
8.990
ELB SUNDRIDGE VEIÐIVESTI.
Stærðir: M og XL



50% AFSLÁTTUR
(fullt verð 9.990)
4.995
RÖS POLARIS GLERAUGU 9910/15
Með auka gleri.



30% AFSLÁTTUR
Tilboðin gilda til og með 21. ágúst aðeins í Intersport Bíldshöfða
Verð frá:
399
ALLIR MEPPS SPÚNAR Á 30% AFSLÆTTI

INTER SPORT
BÍLDSHÖFÐA - OPIÐ ALLA DAGA!

# Ögmundur á ystu nöf

Stjórnmál

Þröstur Ólafsson
hagfræðingur



Ögmundur Jónassonar ritaði grein (Fréttablaðið 4. ágúst sl.) sem átti að vera andsvar við greinarkorni mínu í sama blaði, tveim dögum fyrr. Ögmundur kýs að feta gamalgrónar götur íslenskrar umræðuhefðar. Hann fjallaði ekki um meginmálið, en lét gamminn geysa um andúð sína á ESB, þótt grein mín komi lítið sem ekkert inn á það fyrirbæri. Grein mín var tilraun til að finna skýringu á samstöðu „ysta vinstrisins“ og „nýfrjálshyggjunnar“ í afstöðu þeirra til þjóðríkisins. Það var þessi leit sem var meginmál – ekki ESB. Það getur trauðla verið tilviljun að hnífurinn gangi ekki á milli þeirra skoðanahópa, sem skilgreina sig lengst til hægri og vinstri í íslenskum stjórnmálum, þegar kemur að málefnum þjóðríkisins. Því miður víkur ráðherrann ekki að þessu áhugaverða umræðuefni, sem það vissulega er, þegar andstæðar fylkingar taka höndum saman, stofna félag og vinna eftir sameiginlegri verkefnaskrá. Það er í reynd merkilegt bandalag. Einhverjar rætur eru sameiginlegar. Ég taldi mig finna þær í sömu sýn þeirra á einstaklinginn (heimspeki ÞÓ ), þó á ólíkum forsendum sé, sem ég gerði grein fyrir. Þessi sameiginlega sýn þeirra á stöðu einstaklingsins leiddi til sambærilegrar sýnar á þjóðríkið og þar með stöðu þess í úthafi hnattvæðingarinnar og tók ég ESB sem dæmi. Þar með var ég ekki að segja að þeir væru skoðanabræður á öllum sviðum. Þetta „heimspekilega“ sammat þeirra leiddi þá hins vegar saman í málefnum þjóðríkisins. Mér var í lófa lagið að taka fleiri dæmi, en lét þar við sitja.

### Séð hef ég köttinn syngja á bók…

Það hefði verið fengur af að fá frasalausar hugleiðingar Ögmundar um þetta. En hann kaus að leiða hjá sér vangaveltur mínar en fór þess í stað á þeysireið um víðlendur Evrópuumræðunnar. Það gerir hann af mikilli sannfæringu, en hún er, eins og Nietzsche sagði, sannleikanum hættulegri óvinur en lygin. Enda hallar hann víða réttu máli í ákafa sínum við að koma höggi á ESB-ófreskjuna. Í grein minni birti ég efnislega tilvitnun í Ögmund, þar sem hann sagði að það væru ekki ákvarðanirnar sjálfar hjá ESB sem hann setti sig upp á móti, heldur það, að við Íslendingar tækjum ekki þessar ákvarðanir. Nú segir hann andstöðu sína annars vegar byggjast á lýðræðisskorti ESB og hins vegar þeirri nýfrjálshyggju sem þar ríkir. Það er nú svo. Hér sveigir hann vendilega út af sporinu þótt áttin sé lík.

En gott og vel. Við skulum fyrst ræða nýfrjálshyggjuna í ESB. Nýfrjálshyggja er, í stuttu máli, hömlulítið eða hömlulaust markaðskerfi. Hvar finnur hann þess merki innan ákvarðana á vegum ESB að þar sé unnið innan umgjarðar nýfrjálshyggju? Lítur hann á markaðsbúskap og samkeppniseftirlit sem nýfrjálshyggju, en markaðsbúskapur og frjáls vöruskipti eru forsenda aðildar að ESB. Nýfrjálshyggja er efnahagsstefna en ESB hefur enga efnahagsstefnu vegna þess að sú stefnumótun er ekki í verkahring ESB. Það eru hin sjálfstæðu þjóðríki sem hvert um sig móta sína eigin efnahagsstefnu. Það má vissulega til sanns vegar færa að hjá sumum bandalagsþjóðum hafi verið rekin tegund að frjálshyggju s.s. Bretlandi, Írlandi, og í ýmsum ríkjum Austur-Evrópu. Í öðrum þjóðríkjum hefur hún ekki blómstrað s.s. á Norðurlöndum og Þýskalandi. Þeim vegnar líka best. Það var þetta „lítilmótlega“ sjálfstæði þjóðríkjanna innan ESB sem leiddi sum þeirra til að prófa nýfrjálshyggjuleiðina og fengu á baukinn. Hnattvædd fjármálaviðskipti eru hins vegar rekin í anda frjálshyggju um allan heim. Hrun bankanna hefði haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir afkomu einstaklinga og þjóða.

Allar pólitískar ákvarðanir innan ESB eru hins vegar teknar af fulltrúum lýðræðislega kjörinna þjóðþinga, kollegum Ögmundar.

Sú ríkisstjórn sem Ögmundur situr í hefur eytt hlutfallslega meiru í „björgunaraðgerðir“ til banka og sparisjóða en ríkisstjórnir flestra ESB-landa, höfum við þó yfrið nóg af hvoru tveggja. Ber það merki um nýfrjálshyggju ríkisstjórnar Íslands? Á þessu sviði gerir ESB ekkert annað en það sem þjóðríkin vilja, enda koma peningarnir þaðan. Að nýfrjálshyggjan sé einkennandi fyrir ESB er uppspuni og bull, en bítur eflaust vel í vinahópi Ögmundar, því gömul ósannindi eru alltaf vinsælli en nýr sannleikur.

### …og selinn spinna hör á rokk

Ég deili með Ögmundi Jónassyni um mikilvægi lýðræðis og sjálfstæðis. Það er lýðræðishalli innan ESB hvað varðar stöðu Evrópuþingsins. Það vita allir. Allar pólitískar ákvarðanir innan ESB eru hins vegar teknar af fulltrúum lýðræðislega kjörinna þjóðþinga, kollegum Ögmundar. Þjóðþingin kvarta sum undan því að ráðherrarnir taki ákvarðanir án þess að bera þær undir þjóðþingin. Það er heimatilbúið, sem við heyrum oft hér á landi einnig.

Svokallaður lýðræðishalli innan ESB er tilkominn vegna þess að ekki mátti skerða fullveldisrétt þjóðþinga bandalagsþjóðanna, og pólitískar ákvarðanir því skildar eftir þar. ESB er ekki ríki, ekki einu sinni fjölþjóðlegt ríki. Hvað með sjálfstæðið? Eru Danir, Svíar og Frakkar ekki sjálfstæðar þjóðir? Líta þeir á sig sem ófrjálsar þjóðir, sem stjórnað er af bákninu í Brussel? Það er af og frá, en þeir deila fullveldinu með öðrum nágrannaþjóðum. Í stað þess að reyna með tvíhliða samningum að koma skikk á sameiginleg mál, sem sífellt verða fleiri, ákváðu þær að mynda bandalag og deila með sér fullveldinu á tilteknum sviðum, sem hvort sem er, var óhjákvæmilegt að semja um. Inntak þess sjálfstæðis sem þeir una glaðir við nú, er ekki það sama og ríkjandi var í Evrópu fram yfir lok síðari heimstyrjaldar. Færa má gild rök fyrir því að litlu þjóðirnar hafi með þessu fyrirkomulagi öðlast áhrif og völd gagnvart stóru þjóðunum sem áður var óhugsandi. Litlu þjóðirnar hafa í fyrsta sinn í sögu Evrópu í fullu tré við gömlu yfirgangsseggina, vegna þess að stóru þjóðirnar deila sínu volduga fullveldi, geta ekki beitt sér að vild. Fyrrum jafngilti tillitsemi og skilningur á afstöðu annarra þjóða sem óþolandi afsláttur af fullveldi stórvelda gömlu Evrópu. Í hnattvæddum heimi duga hvorki ástarjátningar, hatur né tilbúin leiktjöld sem leiðarljós inn í framtíðina.

Ef okkur á að vegna vel á tuttugustu og fyrstu öld verðum að endurmeta margt af því sem við héldum áður að væri óbifanlegt. Þjóðríkið verður enn um sinn a.m.k. burðarás pólitískra ákvarðana, en ekki með sama hætti og áður var. Sem lítil þjóð verðum við, eins og aðrar litlar og miðlungs þjóðir að velja okkur bandamenn. Það skýtur mér óneitanlega skelk í bringu til framtíðar þegar Ögmundar Jónasson jafnar ESB við gamla sovétið. Það kann ekki góðri lukku að stýra.

# Rétt og rangt um kosningakerfi stjórnlagaráðs

Ný stjórnarskrá

Þorkell Helgason
sat í stjórnlagaráði



Stjórnlagaráð hefur skilað þjóð og þingi heildartillögum að nýrri stjórnarskrá. Nú þarf að hefjast upplýst og vönduð umræða um tillögurnar. Fjölmiðlar hafa þar ábyrgðarmiklu hlutverki að gegna. Þeir mega ekki gína við úrtölum gagnrýnislaust.

Haukur Arnþórsson stjórnsýslufræðingur hefur haft uppi hörð orð um fyrirkomulag um kosningar til Alþingis í tillögum stjórnlagaráðs. Málflutningur hans í fréttum á Stöð 2 hinn 6. ágúst undir fyrirsögninni „Persónukjör án kjördæma marklaust“ verður hér gerður að umtalsefni.

### Flokkar og fólkið

Möguleikar kjósenda til að velja sér þingmenn fóru síminnkandi alla síðustu öld. Kjósendur standa nú aðeins frammi fyrir pakkalausnum í formi fyrirskrifaðra lista. Í stjórnlagaráði kom strax upp vilji til verulegrar bragarbótar, þeirrar að leyfa kjósendum að ráða sem mestu um það hverjir veldust til þingsetu. Mörg okkar skynjuðum sterkan vilja meðal fólks í þessa veru, m.a. á Þjóðfundinum 2010, og velflestir fulltrúa í ráðinu höfðu persónukjör eitt meginmarkmiða sinna við framboð til stjórnlagþings.

Skipun þingmanna í samstæða hópa, flokka, er að flestra dómi gagnleg, jafnvel nauðsynleg. En þó tókst okkur í stjórnlagaráði prýðilega að ná saman án þess að skipa okkur í fylkingar. Fullyrt er að með persónukjöri sé verið að grafa undan flokkunum. Ekki verður þó annað séð en að flokkar séu sprelllifandi í þeim grannlöndum þar sem alfarið eru kosnir einstaklingar en ekki flokkar, en það er í Finnlandi og Írlandi.

Flokkar njóta ekki vinsælda um þessar mundir. Gæti orsökin m.a. verið sú að fólki finnist það vanvirt með því að fá aðeins að kjósa fyrirskrifaða lista í heilu lagi en geti nær engu ráðið um hverjir veljast á þing?

### Óbærilegur stöðugleiki

Haukur telur það hættulegt að kjósendur geti valið sér þingmannsefni þvert á flokka. Fyrst er því til að svara að í tillögum stjórnlagaráðs er þetta ekki gert að skilyrði. Alþingi er heimilað að takmarka val kjósenda við menn úr sama flokki.

Mannréttindi, eins og kosningaréttur, mega hvorki ráðast af launum né auði.

En segjum svo að kosningalög leyfi val þvert á flokka og að kjósandi velji sér þrjá frambjóðendur, tvo úr flokki A en einn úr flokki B. Atkvæði hans skiptist þá í sama hlutfalli milli þessara tveggja flokka. Nú verður kjósandinn fyrir vonbrigðum með aðalflokk sinn, flokk A, og hefnir sín í næstu kosningum með því að hafa endaskipti á atkvæðinu, velur aðeins einn úr A-flokki en tvo úr B-flokki. Haukur segir þá illt í efni þar sem aðeins færist þriðjungur úr atkvæði kjósandans á milli flokka. Ef kjósandanum hefði ekki verið leyfð sú fásinna að skipta atkvæðinu hefði hann í fyrri kosningunni kosið A-flokkinn alfarið og síðan farið í fýlu og kosið B-flokkinn, aftur með heilu atkvæði. Þannig dragi persónukjör úr fylgissveiflum.

Rök finnast ekki, aðeins hugardæmi af þessu tagi. Það er auðvelt að búa til dæmi í öndverða átt svo og reiknidæmi sem sýna ýmist minni eða meiri sveiflur.

### Kosningaréttur kvenna ógn?

Kjósendum í þingkosningum stórfjölgaði á árabilinu 1915-20 að mestu vegna þess að konur fengu kosningarétt. Sérfræðihaukar hefðu örugglega varað við og sagt þetta stórhættulegt. Með ríflega tvöföldun á tölu kjósenda væri viðbúið að drægi úr fylgissveiflum. Áður hefði húsbóndinn á heimilinu ýmist kosið A- eða B-flokk og þar með sveiflað fylgi flokkanna tveggja til og frá. Nú gæti svo farið að eiginkonan væri ávallt annarrar skoðunar en hann og hringlið í vinnuhjúunum, sem fengju nú að kjósa, bætti ekki úr skák. Stöðugleikinn yrði óbærilegur, aukinn kosningaréttur væri því hættulegur þingræðinu.

### Er jafn kosningaréttur mannréttindabrot?

Haft er eftir Hauki í sjónvarpsviðtalinu að það sé mannréttindabrot að fella niður kjördæmin, sérstaklega ef um leið er viðhaft persónukjör. Vera má að spyrjandinn hafi klippt viðtalið sundur og saman eða misskilið orð Hauks, en það sem haft er eftir honum í beinum og óbeinum orðum verður vart skilið á annan veg en þann að það sé brot á rétti fólks að jafna kosningaréttinn hvort sem það er gert með því að gera landið að einu kjördæmi eða á annan veg.

Stjórnlagaráð krefst ekki afnáms kjördæma. Á hinn bóginn er það ótvíræð krafa stjórnlagaráðs að „atkvæði kjósenda alls staðar á landinu veg[i] jafnt“ eins og segir í frumvarpi ráðsins. Kjósandi á ekki að fá helmingi meiri rétt við það eitt að bregða búi og flytja frá öðrum enda Hvalfjarðarganga til hins eins og nú er. Haukur virðist réttlæta slíka mismunun með því að laun á landsbyggðinni séu helmingi hærri en á höfuðborgarsvæðinu. Forsenduna um launamuninn verður að draga í efa, en þó svo hún væri rétt eru rökin ótæk. Mannréttindi, eins og kosningaréttur, mega hvorki ráðast af launum né auði.

# Hvað er Ramadan?

Trúmál

Karim Askari
formaður Menningarseturs múslima á Íslandi



Ramadan er níundi mánuðurinn í tímatali Íslam, en hver mánuður er 29 til 30 dagar og miðast við mánann eins og orðið mánuður segir til um. Í ár hófst Ramadan 1. ágúst á nýju tungli og lýkur 29. ágúst. Í Ramadan fasta múslimar, þ.e.a.s. þeir borða hvorki vott né þurrt frá sólarupprás til sólarlags. Þar sem mánuðirnir og árin eru styttri en í því tímatali sem Vesturlandabúar þekkja færist Ramadan til frá ári til árs. Að ári hefst Ramadan því 20. júlí og stendur til 18. ágúst.

Múslimar fasta ekki til að kvelja sjálfa sig heldur til að temja sér þolinmæði, huga að andlegum verðmætum og hlýðni við Guð í minningu þess að það var í þessum mánuði sem spámaðurinn Múhameð fékk fyrstu vitranir sínar frá Guði, sem skráðar eru sem fyrstu versin í Kóraninum. Í þessum mánuði biðjast múslimar oft meira fyrir en venjulega og eru örlátari í ölmusugjöfum, en gjafir til þeirra sem minna mega sín eru ein af fimm stoðum Íslam, ásamt föstunni, bæninni, trúarjátningunni og pílagrímsferðinni (ef efnahagur leyfir).

Föstur þekkjast í mörgum trúarbrögðum í mismunandi myndum. Kaþólska kirkjan breytti nafni Freyjudags eða Frjádags til dæmis hér á landi í föstudaga, en þá áttu menn að halda sig frá kjöti. En eins og áður sagði er fastan aðeins yfirborðið því kjarninn er leitin inn á við og viðleitni til að ýta frá sér reiði, öfund, losta, ofbeldi og illu umtali en huga þess í stað að því góða og göfuga. Fastan nær þó ekki til allra því börn eru undanskilin, konur með börn á brjósti, ófrískar konur og gamalmenni.

Fastan nær þó ekki til allra því börn eru undanskilin, konur með börn á brjósti, ófrískar konur og gamalmenni.

Í ár er víst að hugur margra múslima á Norðurlöndum verður við ódæðisverkin í Noregi, sem unnin voru af ótta við Íslam og andúð á múslimum. Þegar fréttir bárust af sprengingunni í Ósló komu strax upp getgátur um að öfgasinnaðir múslimar væru að verki. En þegar hryllingurinn í Útey varð ljós beindist grunurinn að öfgahægrimönnum og svo kom í ljós að morðinginn var heimamaður sem lítur á sig sem kristinn riddara í heilagri krossferð gegn múslimum í Evrópu.

Við vitum að brenglaðar hugmyndir morðingjans eiga sér lítinn hljómgrunn meðal víðsýnna og friðelskandi Norðurlandabúa. Við dáumst líka að viðbrögðum Norðmanna sem kristallast kannski best í bréfi Ívars Benjamíns Östebö, sem komst af í Útey, til morðingjans: „Þú sameinaðir fólk um allan heim. Svarta og hvíta, karla og konur, börn og fullorðna, rauða og bláa, kristna og múslima.“

Með stofnun Menningarseturs múslima vonumst við til að geta aukið þekkingu manna á Íslam og gagnkvæma vináttu og skilning manna af ólíkum trúarbrögðum. Í Ramadan reynum við sjálf að verða betri menn og bæta þar með um leið og auðga samfélagið. Að mánuðinum loknum tekur síðan við mesta hátíð okkar, Eid al-Fitr, þegar við gleðjumst saman í þakklæti fyrir allt það góða sem við eigum.



**6.990,-**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

10 ltr.

**Útimálning Húsasmiðjan 10 ltr.**
Góð útimálning á steinsteypta fleti utanhúss.
Gljástig 5.
7207040

**Pallaolía Jotun Treolje**
**3 ltr.**
7049123

Frábært verð
**2.795,-**

# LÆGRA VERÐ
## FYRIR HEIMILIÐ



**69.900,-**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

Þvottahæfni A
Orkunýting A
Mörg sérkerfi

**Þvottavél**
EWF106410W. 1000 snúninga.
Stærð:85x60x60 cm. 6kg.
1805650

Electrolux
5 ára ábyrgð



**54.900,-**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

Með barka
Tekur 7 kg.

**Þurrkari**
EDE37100W . Electrolux þurrkari m/barka
Stærð.84.4 x 60.0 x 58.0cm. 108ltr. tromla
Tekur 7kg. Snýr í báðar áttir
1805463

Electrolux
5 ára ábyrgð



**3.990,-**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

EMMEVI

**Handlaugartæki Giglio**
7900011

## FRAMLENGJUM RÝMINGARSÖLU Í NOKKRA DAGA!



Tjöld og Svefnpokar
**40% afsláttur**

Allar ferðavörur
**40% afsláttur**

Tré garðhúsgögn
**50% afsláttur**

Látum verkin tala!

Opið til 21:00 í Skútuvogi alla daga.
Sjá afgreiðslutíma um land allt á www.husa.is

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

**HÚSASMIÐJAN**

# tímamót

timamot@frettabladid.is



53 **WHITNEY HOUSTON** söngkona er 53 ára.
*„Þegar ég ákvað að verða söngkona varaði móðir mín mig við því að ég yrði mikið ein. Í raun erum við það öll, einmanaleiki er hluti af lífinu.“*



*Systir okkar,*

**Halldóra Sigurðardóttir**
lögfræðingur
Flyðrugranda 8, Reykjavík,

lést á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi 5. ágúst síðastliðinn.

**Hulda Pétursdóttir**
**Þórdís Sigurðardóttir**
**Ólafur Jens Sigurðsson**
**Ingibjörg S. Kolbeins**



*Móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Ragnhildur Richter**
Bústaðavegi 79,

lést föstudaginn 5. ágúst á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund. Útförin verður gerð frá Fossvogskirkju föstudaginn 12. ágúst kl. 11.00.

**Kristján, Þórdís, Ingibjörg, Ragnhildur og María Richter og fjölskyldur.**



*Hjartkær frænka okkar,*

**Guðrún Gísladóttir**
Nóatúni 29, 105 Reykjavík,

andaðist 3. ágúst á Hjúkrunarheimilinu Hrafnistu í Reykjavík (DAS). Jarðarförin fer fram frá Háteigskirkju miðvikudaginn 10. ágúst kl. 15.00.

**Fyrir hönd frændsystkina,**
**Lísa Guðjónsdóttir**
**Jóhanna Jónsdóttir**
**Magnús Marteinsson.**



*Eiginmaður minn, faðir og fósturfaðir,*

**Kristinn S. Daníelsson**
vélvirki, Klettagötu 2, Hafnarfirði,

andaðist á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði miðvikudaginn 3. ágúst. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 12. ágúst kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeir sem vilja minnast hans eru beðnir um að láta líknarfélög njóta þess.

**Áslaug Hafsteinsdóttir**
**Steingrímur Kristinsson**
**Aðalsteinn Jörgensen**



*Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Steinar Guðmundsson**
Lindargötu 57, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju, fimmtudaginn 11. ágúst kl. 15. Blóm og kransar afþökkuð, en þeim sem vilja minnast hans er vinsamlegast bent á Minningarsjóð Grundar, dvalar- og hjúkrunarheimilis, s: 530 6100.

**Anna Steinarsdóttir** — **Gísli Ársæll Snorrason**
**Magnús Steinarsson** — **Eygló Guðjónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskuleg móðir mín, amma og systir,*

**Þórunn H. Felixdóttir**
kennari og námsráðgjafi,

lést á Landspítalanum 6. ágúst síðastliðinn. Jarðarförin fer fram frá Dómkirkjunni föstudaginn 12. ágúst klukkan 15.

**Felix Valsson**
**Þórunn Helga Felixdóttir**
**Áslaug Felixdóttir**
**Bergur Felixson og Ingibjörg Guðmundsdóttir**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Garðar Aðalsteinsson**
Brekkugötu 38, Akureyri,

sem andaðist aðfaranótt föstudagsins 29. júlí, verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 11. ágúst kl. 13.30.

**Alda Þorgrímsdóttir**
**Ómar Garðarsson** — **Rannveig Benediktsdóttir**
**Smári Garðarsson**
**Páll S. Garðarsson** — **Sigurður Ö. Guðbjörnsson**
**Eydís Garðarsdóttir** — **Bjarni Einarsson**
**Viðar Garðarsson** — **Sigríður Á. Viðarsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn.**



*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Ingvarsdóttir**

andaðist á Hrafnistu í Hafnarfirði fimmtudaginn 4. ágúst. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 16. ágúst kl. 15.30.

**Egill Rúnar Friðleifsson** — **Sigríður Björnsdóttir**
**Erla Friðleifsdóttir**
**Ingvar Birgir Friðleifsson** — **Þórdís Árnadóttir**
**Guðmundur Ómar Friðleifsson** — **Sigrún Jakobsdóttir**
**Þóra Lovísa Friðleifsdóttir** — **Hallur Þorsteinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginkona mín, móðir, amma og tengdamamma,*

**Magnea Guðný Stefánsdóttir**
Bragavöllum 4, 230 Reykjanesbæ,

lést fimmtudaginn 4. ágúst sl. Útför fer fram frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 11. ágúst kl. 13.00.

**Þorsteinn Ívar Sæmundsson**
**Dagný Gísladóttir** — **Eysteinn Eyjólfsson**
**Stefán Magnús Jónsson** — **Ester Sigurjónsdóttir**
**Hildur Björg Jónsdóttir** — **Rúnar Eyberg Árnason**
**Sigursteinn Þorsteinsson**
**Helma Þorsteinsdóttir** — **Erlingur Reyr Klemenzson**
**ömmubörn**



**FRUMKVÖÐULL** Garðar Stefánsson á Reykjanesi í Ísafjarðardjúpi. Í bakgrunni má sjá eitt þeirra húsa þar sem saltvinnslan fer fram.

**SALTVERK REYKJANESS:** ENDURVEKUR ALDAGAMLA VINNSLUAÐFERÐ

## Umhverfisvæn saltvinnsla

Fjórir ungir frumkvöðlar hafa komið á fót saltvinnslufyrirtæki á Reykjanesi í Ísafjarðardjúpi. Stefnan er að setja á markað íslenskt kristalsjávarsalt í næsta mánuði. „Við gerðum prufuframleiðslu fyrir hálfum mánuði og hún tókst mjög vel,“ segir Garðar Stefánsson, einn eigendanna.

Að hans sögn er hugmyndin runnin undan rifjum Yngva Eiríkssonar verkfræðings og eins af stofnendum fyrirtækisins. „Yngvi fékk hugmyndina sumarið 2008 og tveimur árum síðar fékk ég að nýta hana í meistaraverkefni mitt í nýsköpunar- og markaðsfræði,“ útskýrir Garðar. Félagarnir fengu síðar verkfræðinemann Björn Steinar Jónsson og hagfræðinemann Val Þráinsson til liðs við sig og hafa þeir síðan þá unnið að því að þróa hugmyndina.

Meðal þess sem rak á fjörur félaganna voru skrif Lýðs Björnssonar um saltverksmiðju sem var á Reykjanesi í Ísafjarðardjúpi á 18. öld. Þar var jarðvarmi nýttur í fyrsta sinn við saltgerð. „Þá ákváðum við að endurvekja saltvinnslu á þessum stað og nýta sömu aðferð við gerð kristalsjávarsaltsins,“ segir Garðar og þykist viss um að Saltverk Reykjaness sé eina saltvinnslufyrirtækið í heiminum sem noti þessa aðferð. „Hún er sú umhverfisvænsta, því aðrir nota gas eða brenna eldivið. Við erum allavega ekki að auka gróðurhúsalofttegundir,“ tekur hann fram.

Björn Steinar tekur við og lýsir framleiðslunni nánar: „Við dælum sjó úr Ísafjarðardjúpi á pönnur sem eru hitaðar upp með rúmlega 90 gráðu heitu vatni. Það er notað sem varmi til að eima niður sjóinn á pönnunum. Eftir það þarf sjólausnin að ná ákveðnu hitastigi og saltmagnið þarf að verða 25 til 26 prósent svo við fáum kristalla. Það getur tekið langan tíma þar sem sjórinn í Ísafjarðardjúpi er aðeins með 2,5 til 3 prósenta saltmagn. Loks eru saltkristallarnir svo teknir úr saltlausninni og jarðvarminn nýttur til að þurrka kristallana.“

Saltverk Reykjaness hefur þegar hlotið margvíslega styrki, meðal annars úr Nýsköpunarsjóði námsmanna, Rannsóknarsjóði í sjávarútvegi og frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands. „Það, ásamt peningum sem við lögðum sjálfir í verkefnið, ætti að tryggja framleiðslu á allt að 20 tonnum af salti á ári en það á að anna eftirspurn á íslenskum markaði,“ segir Björn Steinar.

„Það þýðir að til að byrja með verðum við að handvinna saltið sjálfir,“ segir Garðar. „Við ætlum að halda í þessa gömlu aðferð og vonum að þetta verði blómlegt fyrirtæki á Vestfjörðum í framtíðinni.“ Hægt er að fylgjast með uppgangi fyrirtækisins á vefsíðunni www.saltverk.tumblr.com.

hallfridur@frettabladid.is



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Óskar Ágústsson**
íþróttakennari á Laugum, Suður-Þingeyjarsýslu,

andaðist miðvikudaginn 27. júlí sl. Útförin fer fram í dag, þriðjudaginn 9. ágúst, í Hallgrímskirkju kl. 13.00.

**Elín Friðriksdóttir**
**Ágúst Óskarsson** — **Helga Sigurðardóttir**
**Hermann Óskarsson** — **Karin M. Sveinbjörnsdóttir**
**Knútur Óskarsson** — **Guðný Jónsdóttir**
**Una María Óskarsdóttir** — **Helgi Birgisson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**Styrkir ónæmiskerfið** Grænmeti af krossblómaætt, svo sem spergilkál, blómkál, hvítkál og rófur, inniheldur mörg efnasambönd sem styrkja ónæmiskerfi líkamans. Efnasambandið sulforaphane er talið vinna gegn krabbameinsvaldandi efnum og stuðla að bættri almennri heilsu.



FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512-5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512

Átta strákar úr HK spila á eigin golfmóti og unnu gull í handbolta á Partille-mótinu í sumar.

# Erum frekar góðir

Átta strákar úr Álfhólsskóla æfa saman handbolta og fótbolta hjá HK í Kópavogi. Fyrir þremur árum fóru þeir að spila golf og settu saman lítið golfmót í framhaldinu.

„Þetta varð bara til upp úr þurru,“ segir Kristleifur Þórðarson, einn golfspilaranna en þeir eru allir 13 ára. „Við erum frekar góðir,“ bætir hann við hlæjandi þegar blaðamaður spyr hvernig gangi og útskýrir að þeir séu með 30 og undir í forgjöf. „Það þykir bara gott. Mitt lið er að vinna mótið, félagarnir spila svo vel,“ segir hann hress, enda lék veðrið við þá félaga á mótinu sem haldið var í gær. Strákarnir státa af íþróttaafrekum víðar en á golfvellinum en fyrr í sumar unnu Kristleifur og félagar hans í handboltanum gullverðlaun á Partille-mótinu í Svíþjóð í drengjaflokki 13 ára og yngri.

„Það var rosalegt. Það gekk allt upp hjá okkur og allir spiluðu eins vel og þeir gátu. Við vorum búnir að æfa aðeins en ekki mikið. Kannski er bara best að þekkja andstæðinginn ekkert rosalega vel,“ segir hann og hlær en strákarnir mættu yfirvegaðir í úrslitaleikinn gegn IFK Kristianstad frá Svíþjóð. Leikurinn fór 19-9 HK í vil.

Spurður hvaða íþrótt honum líki best segir Kristleifur erfitt að gera upp á milli. „Ætli það sé ekki handboltinn, golfið er bara auka.“

*heida@frettabladid.is*



FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

**LOKSINS KOMNAR AFTUR**



KRÓKA-BUXURNAR í S,M,L,XL,2X á kr. 4.880,-

Misty – fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Opið mán.-fös. 10-18.
Lokað á laugardögum í sumar.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur

Eirberg BAUERFEIND®



**Hlaupainnlegg**

- Minnka álag á ökkla, hné og bak
- Stuðningur fyrir fætur
- Aukin dempun

Í sumar er opið virka daga frá kl. 9 -18
Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

praxis ...þegar þú vilt þægindi

Boston leður svart,hvítt,blátt,rautt kr 9.990

Mónako Rúskinn og mikrofíber hvítt,svart 36-46 kr.7.500

Lissabon leður svart,hvítt st. 36-42 kr. 8.900

Verona svart,hvítt st.36-41 kr.7.900

París leður svart,hvítt,blágrátt st. 36-42 kr.9.500

Amsterdam leður svart,hvítt st.36-42 kr. 6.900

**Opið mán. – fös. kl. 11–17**

**Lokað á laugardögum**

**Boníto ehf. Praxis / praxis.is / friendtex.is**
**Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2878**

ReSound Alera™

HEYRN HEYRNARÞJÓNUSTA



Tímapantanir 534 9600
Hlíðasmári 11, 201 Kópavogur - heyrn.is

Tækin sem fá lífið til að hljóma eins og það er

ReSound Alera™

ReSound Alera™ heyrnatækin eru með kringóma hljóðvinnslu sem gefa einstaklega skýr hljóð. Maður kann best að meta þau í krefjandi samræðum þegar kliður eða skarkali er

Alera tækin:

- Bæta talskilning mikið og sérstaklega ef hávaði er í umhverfinu.
- Skipta sjálfvirkt um hljóðvinnslu þegar hljóðumhverfi breytist.
- Útiloka ýlfur og suð þegar talað er í síma eða við faðmlag.
- Leyfa notanda að njóta tónlistar eins og hún á að hljóma.
- Eru fyrstu heyrnatækin sem tengjast í raun þráðlaust, með 2.4 GHz senditíðni, við farsíma og sjónvarp.
- Byggja á nýjustu þekkingu og tækni og um 60 ára reynslu í gerð heyrnartækja



ReSound rediscover hearing



**Á heitum sumardögum** er mikilvægt að ofþorna ekki og drekka meira en vanalega. Hafið því vatnsbrúsa ávallt meðferðis og dragið úr neyslu koffíndrykkja. Þá eru vatnsríkir ávextir og grænmeti besti millibitinn.

















Jón Páll segir að verkefnið sé sprottið úr því nýsköpunarumhverfi sem hefur orðið til á Ísafirði undanfarin tíu ár. MYND/ÁGÚST ATLASON

# Hanna íslenskan hjólastól

**Unnið er að hönnun og framleiðslu fyrsta íslenska hjólastólsins á Ísafirði. Stefnt er að því að hjólastóllinn líti dagsins ljós á næsta ári en milljónir gætu sparast í gjaldeyri á ári hverju í framhaldinu.**

Milljónir gætu sparast í gjaldeyri á ári hverju þegar fyrsti íslenski hjólastóllinn lítur dagsins ljós en hjólastólar hafa hingað til verið keyptir erlendis frá. Unnið er að þróun, hönnun og framleiðslu fyrsta íslenska hjólastólsins hjá Þresti Marsellíussyni ehf. á Ísafirði. Verkefnið fékk styrk frá iðnaðarráðuneytinu í vor úr verkefninu Atvinnusköpun í sjávarbyggðum.

Jón Páll Hreinsson rekstrarráðgjafi er inntur eftir því hvernig hugmyndin að verkefninu sé tilkomin. „Við duttum niður á þá staðreynd að íslenska ríkið væri að kaupa hjólastóla fyrir milljónir á ári hverju. Það er flókið að komast að niðurstöðu um hversu margar milljónir það eru en við höfum gengið út frá hundrað milljónum.“



Jón Páll Hreinsson

Jóhann Bæring Gunnarsson véliðn- og vélfræðingur hefur unnið frumteikningar að hjólastólnum. „Jóhann Bæring kom með þessa hugmynd til mín því ég hef verið í nýsköpunargeiranum,“ segir Jón Páll og bætir við að hjólastóllinn verði sérhannaður fyrir íslenskar aðstæður. „Þegar verið er að framleiða hjólastóla er rík krafa um það að þeir verða að þola ákveðið hnjask og þeir þurfa að fara í gegnum árekstrarprófun. Þess vegna erum við með mjög góða samstarfsaðila með okkur, tækniþróunarsvið Nýsköpunarmiðstöðvar og Rannsóknarstofu í hreyfivísindum við Háskóla Íslands. Þar er fagfólk.“

Jón Páll segir að verkefnið sé sprottið úr því nýsköpunarumhverfi sem hefur orðið til á Ísafirði undanfarin tíu ár. „Við ætlum okkur að styrkja þennan iðnaðarklasa sem hefur verið að þróast hérna. Hægt og rólega hefur verið að byggjast upp iðnaðarfyrirtæki hérna á Ísafirði.“

Kaup ríkisins á hjólastólum eru boðin út að sögn Jóns Páls. Stefnt er að því að Þröstur Marsellíusson með nýja íslenska hjólastólinn taki þátt í útboðinu á næsta ári. „Við stefnum á að vera tilbúin með eina gerð hjólastóls þá. Við ætlum okkur að vera með margar gerðir en hjólastólar eru mikið til sérsmíðaðir eftir þörfum hvers og eins. Hugmyndin byggir á því að við munum geta sérsmíðað og aðlagað stólana að hverjum og einum.“

*martaf@frettabladid.is*

## Gen spila stærra hlutverk en áður var talið

BANDARÍSKIR VÍSINDAMENN SEGJAST HAFA GERBREYTT SKILNINGI Á ERFÐAFRÆÐI SJÚKDÓMSINS GEÐKLOFA. GENIN SPILI AÐALHLUTVERK ÞÓ SJÚKDÓMURINN HAFI EKKI ERFST.



Vísindamenn hafa fundið nýja stökkbreytingu í genum sem tengist geðklofa.

Vísindamenn segja að finna megi „nýja stökkbreytingu“ í DNA í að minnsta kosti helmingi sjúkdómstilfella af geðklofa þar sem engin saga er um sjúkdóminn í fjölskyldu sjúklings. Þetta kemur fram á fréttavef BBC. Vísindamenn greindu erfðalykil 225 manna sem ýmist voru með sjúkdóminn eða ekki og fundu stökkbreytingu í 40 mismunandi genum sem tengjast geðklofa. Þetta segja þeir útskýra hátt hlutfall sjúkdómstilfella um allan heim. Nánar á www.bbc.co.uk.





salatbarinn
Sími 588 0222 • Faxafeni 9 • 108 Reykjavík
salatbarinn@salatbarinn.is • www.salatbarinn.is

SKÓLAR
& NÁMSKEIÐ
Kynningarblað Símenntun, námskeið, framhaldsnám, snyrting, háskólar, menntaskólar



# Tveggja ára forskot út í lífið

**Menntaskólinn Hraðbraut hefur nú sitt níunda starfsár í hvetjandi námsumhverfi. Þar eru þarfir nemenda alltaf í fyrsta sæti.**

Fjögurra ára framhaldsskóli er tímaskekkja, tímaeyðsla og gríðarleg sólundun á almannafé,“ segir Ólafur Haukur Johnson skólastjóri Menntaskólans Hraðbrautar, þar sem nemendur ljúka stúdentsprófi á tveimur árum í stað fjögurra.

„Í menntakerfinu ríkir agaleysi á meðan námstími íslenskra framhaldsskólanema er að meðaltali fimm og hálft ár. Það er miklu hagkvæmara fyrir þjóðina að framhaldsskólanemendur ljúki stúdentsprófi á skemmri tíma og lykilatriði fyrir þjóðarbúið að fá fólkið sem fyrst út í atvinnulífið sem vel menntaða og tekjuháa skattgreiðendur. Á þeim tveimur árum sem einstaklingar úr Hraðbraut eru lengur á vinnumarkaði aukast ævitekjur þeirra til mikilla muna. Skattgreiðsla á starfsævinni vex um mun hærri upphæð en sem nemur þátttöku ríkisins í menntun þeirra í framhaldsskóla,“ segir Ólafur.

Hugmyndin að Hraðbraut varð til við rekstur sumarskóla sem byggði á hliðstæðu lotukerfi þar sem kennt var í fjórar vikur og tekin próf í þeirri fimmtu. Í Hraðbraut fá nemendur sem standast próf frí í sjöttu viku hverrar lotu.

„Í sumarskólanum sá ég fljótt að lotukerfið hentar mörgum betur en hefðbundnar annir þar sem kenndar eru sjö til átta námsgreinar á tólf vikum. Það hefur svo sýnt sig að engin stór vandamál fylgja því að fara yfir námsefni á svo stuttum tíma. Nemendur segja að það sé einfaldara að læra þrjár námsgreinar í skamman tíma, í stað sjö til átta á lengri tíma,“ segir Ólafur um nemendur Hraðbrautar sem eiga það sameiginlegt að vera vinnusamir og einbeittir í að ljúka stúdentsprófi á tveimur árum.

„Meginverkefni Hraðbrautar er að búa nemendur undir háskólanám. Hér bjóðast því ekki dæmigerðar vinnumarkaðsbrautir, heldur eingöngu bóknámsbrautir sem búa fólk sem allra best undir háskólanám,“ segir Ólafur sem frá stofnun Hraðbrautar hefur útskrifað á fimmta hundrað stúdenta sem flestir hafa farið beint í háskólanám, frá 17 til 18 ára að aldri.

„Átján ára aldurinn er góður aldur til að hefja háskólanám og tíðkast í flestum löndum nema á Íslandi. Það er engin ástæða til að ætla íslenskum ungmennum að vera eftirbátar jafnaldra sinna annars staðar í heiminum, enda víst að aðrar þjóðir setja ekki vangetandi einstaklinga í háskólanám,“ segir Ólafur sem gerir reglulega kannanir á árangri útskrifaðra nemenda sinna í háskólanámi og er árangurinn góður.

„Við kennum á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum. Á þriðjudögum og fimmtudögum vinna nemendur „heimavinnuna“ í skólanum. Það kennir þeim öguð og góð vinnubrögð fyrir háskólastigið og gerir að verkum að hér koma nemendur síður ólærðir í tíma en í öðrum framhaldsskólum. Nemendum er haldið stíft við efnið með alls konar verkefnavinnu og skyndiprófum, og unnið að því öllum árum að láta þá vinna vel allt skólaárið í stað þess að önnin endi í mikilli vinnulotu í mörgum námsgreinum samtímis, eins og gerist í venjulegum framhaldsskólum og er ekki eins vænlegt til árangurs,“ segir Ólafur.



Ólafur Haukur Johnson skólastjóri segir mannleg samskipti hátt metin á vinnumarkaði og að þátttaka í félagslífi sé nauðsynleg til að halda tengslum. Nemendafélagið Autobahn stendur fyrir öflugu félagslífi innan Hraðbrautar. MYND/VALLI

Hraðbraut nýtur sem fyrr mikilla vinsælda og í ár sóttu 140 nemendur um 60 pláss.

„Við tökum alla umsækjendur í viðtöl til að ganga úr skugga um að þeir eigi erindi í skólann, en í framkvæmd fær minna en helmingur þeirra inni í skólanum,“ segir Ólafur.

„Stundum er talað um menntaskólaárin sem yndislegasta tíma ævinnar, en áður en ég fór af stað með Hraðbraut gerði ég umfangsmiklar kannanir meðal framhaldsskólanema. Þar sýndi sig að flestir voru búnir að fá nóg og leiddist mjög á fjórða árinu. Staðreyndin er því sú að mest er gaman fyrst og ljóst að í menntaskólanámi er klárlega einu til tveimur árum ofaukið.“

## DUGLEGIR OG SAMVISKUSAMIR

**„Menntaskólinn Hraðbraut** er lítill og persónulegur skóli þar sem allir eru mjög nánir. Nemendur eiga að taka ábyrgð á eigin námi, en kennurum er alls ekki sama um þá. Dyr þeirra eru alltaf opnar og engin vandamál eru of stór eða of lítil til að leysa. Áhersla er líka lögð á að nemendur hjálpist að og vinni saman. Andinn er léttur og skemmtilegur, en miklar kröfur eru gerðar til nemenda. Þeir verða því að vera duglegir og samviskusamir.“



Stefán Björnsson, 19 ára nemandi á 2. ári í læknisfræði við Háskóla Íslands.

## FRAMÚRSKARANDI MENNTASKÓLI

**„Hraðbraut býr** yfir öllum þeim eiginleikum sem þarf til að gera skóla framúrskarandi. Eftir tveggja ára menntaskólanám fór ég beint í verkfræðinám við Háskólann í Reykjavík. Þar var ég að minnsta kosti jafnvígur nemendum sem þangað komu úr öðrum skólum. Ég tel skólann vera mikilvægt innlegg í það persónumiðaða nám sem er að ryðja sér braut hérlendis, því hann skapar ögrandi vettvang fyrir þá sem eiga auðvelt með að læra.“



Steindór Hjartarson, 22 ára meistaranemi í orkuverkfræði við Reykjavik Energy Graduate School of Sustainable Systems.



Viltu koma í frábæran skóla?

Kennsla hefst í Menntaskólanum Hraðbraut 15. ágúst nk. Venjulega losna þá nokkur pláss í skólanum. Ef þú hefur áhuga á að koma í krefjandi nám í persónulegum skóla, þar sem nemendur ljúka stúdentsprófi á tveimur árum, skaltu hafa strax samband við skólann.

MENNTASKÓLINN HRAÐBRAUT
TVEIMUR ÁRUM Á UNDAN

Faxafeni 10 • 108 Reykjavík • Sími 565 9500 • www.hradbraut.is

## ÁSTIR Í NÚTÍÐ OG FORTÍÐ

**Háskólalestin verður** í Bolungarvík laugardaginn 13. ágúst. Dagskráin verður í félagsheimili bæjarins og Tónlistarskólanum frá 12 til 16. Sprengjugengið verður á ferð en auk annarra dagskrárliða má nefna eldorgel, stjörnutjald, furðuspegla, ástarsögur og kröftugar sýnitilraunir.



Þá verða í félagsheimilinu margvísleg fræðsluerindi um hitt og þetta er snertir ástir í nútíð og fortíð, á jörðu, himni og hafi.

Nánari upplýsingar má nálgast á www.hi.is



Harvard-háskóli ber af öðrum skólum á sviði félagsvísinda ef marka má nýja úttekt QS World University Rankings. NORDICPHOTOS/GETTY

NINGS
Suðurlandsbraut 6
NINGS
Stórhöfða 17 við Gullinbrú
NINGS
Hlíðasmára 12 Kópavogi
Sími 588 9899
www.nings.is

# Harvard hefur vinninginn

Í nýrri úttekt á hundrað bestu háskólum heims á sviði félagsvísinda vermir Harvard-háskóli fyrsta sæti í átta af tíu fögum sem rannsökuð voru. Niðurstöður rannsóknarinnar byggja á spurningum sem beint var til vinnuveitenda á alheimsvísu og þeir beðnir um að meta gæði starfsfólks eftir því hvar það fékk menntun sína. Stanford-háskóli var sá eini sem gat skákað Harvard en það var á sviði tölfræði og aðgerðagreiningar. Annars var Harvard efstur á sviði bókhalds, fjármála, hagfræði, hagmælinga, laga, stjórnmála, alþjóðasamskipta og félagsfræði.

Á topp tíu listanum er nær eingöngu að sjá háskóla í Bandaríkjunum og Bretlandi. Þó eru þar Háskóli Ástralíu og Melbourne-háskóli, Háskóli Singapore og Toronto-háskóli, en þeir komast á topp tíu á sviði tölfræði og aðgerðagreiningar.

Þeir háskólar sem raða sér að mestu leyti í efstu sætin eru Oxford-háskóli, Cambridge-háskóli, Stanford-háskóli, Hagfræði- og stjórnmálaháskóli Lúndúnaborgar, Berkeley-háskóli í Kaliforníu, Yale-háskóli, Princeton-háskóli, MIT og Háskólinn í Chicago.

Harvard er óumdeildur sigurvegari þessarar úttektar. Ekki er langt síðan hann mældist besti háskólinn á sviði líffræði og var metinn sá háskóli sem hefur besta orðsporið.

Háskólar á Íslandi hafa ekki komist inn á þessa lista enda er við ramman reip að draga. Nú eru hins vegar liðin fimm ár síðan rektor Háskóla Íslands setti sér það markmið að koma skólanum á þennan lista og forvitnilegt verður að sjá hvort hann muni á endanum ná inn.

Aðeins fáeinir skólar á Norðurlöndum komust inn á þennan lista og eru þeir allir í sætum frá 45-100. Þetta eru Kaupmannahafnarháskóli, Háskólinn í Lundi, Háskólinn í Bergen, Háskólinn í Árósum, Háskólinn í Stokkhólmi og Háskólinn í Helsinki.

Könnunin var framkvæmd af QS World University Rankings sem sérhæfir sig í að meta gæði háskóla. Samkvæmt skrá þess sama fyrirtækis yfir 600 bestu háskóla ársins 2010 í heiminum var íslenska háskóla hvergi að finna en mögulegt er að finna íslenska háskóla á topp 1000.

The Passport to your future!




Hotel and Tourism Management Studies
Iceland/Switzerland



Umsóknarfrestur er til 19. ágúst
Hótel og Veitingaskóli Íslands
Menntaskólanum í Kópavogi
Merkja umsókn B/t. Baldur Sæmundsson

Fyrsta ár: Joint Certificate programme
Hospitality and Culinary School of Iceland

Annað & þriðja ár : Bachelor of International Business
University Centre "César Ritz" in Switzerland

Skólinn hefst á eftirfarandi dags.
Fyrsta ár: 29. águst 2011

Nánari upplýsingar eru veittar hjá:
Árni Valur Sólonsson, Sími: 896-2204 eða
Baldur Sæmundsson, Sími: 594-4000

Hospitality and Culinary School of Iceland

César Ritz COLLEGES SWITZERLAND
Excellence in International Hotel and Tourism Management Education

## SKELFILEG SKÓLAGJÖLD



**Menntastofnanir** í Bretlandi óttast nú að fjöldi nemenda sem ætla sér í grunnnám í háskólum muni lækka um allt að fimmtung, samkvæmt frétt í dagblaðinu Telegraph. Ástæðan er sú að skólagjöld munu hækka upp í allt að 9.000 pund fyrir árið, það eru um 1,7 milljónir íslenskra.

Skólarnir vonast til að brúa fjárhagsleg göt með því að laða til sín útlendinga. Nemendur frá löndum utan Evrópusambandsins eru rukkaðir um allt að 26.000 pund fyrir skólaárið, sem eru um fimm milljónir íslenskra.

Frá árinu 2012 mun breska ríkið hætta nær öllum niðurgreiðslum á námskeiðum í háskólum og skólagjöldin hækka sem því nemur. Nemendum bjóðast námslán frá ríkinu og verða afborganirnar launatengdar.

Rúmlega helmingur breskra háskóla býst við minnkandi eftirspurn og andstæðingar breytinganna segja að margur hæfileikaríkur nemandinn muni fara forgörðum.

## LENGI BÝR AÐ FYRSTU GERÐ



**Breski hugmyndabankinn** CentreForum hefur skilað af sér skýrslu þar sem lagt er til að foreldrar nýti sér svokallaða „fimm sinnum á dag“ nálgun í uppeldi barna sinna. Þannig geti þeir hjálpað börnum sínum við að ná sem mestum árangri í lífinu. Frá þessu greinir á fréttavef BBC. Í skýrslunni er áréttað að lengi búi að fyrstu gerð. Þannig hafi gott uppeldi strax á fyrstu árum barnsins mun meiri áhrif en stuðningur seinna þegar kemur á skólaárin. Þau uppeldisatriði sem talin eru hafa góð áhrif eru eftirfarandi:

Fimm sinnum á dag:
Lestu fyrir barnið þitt í 15 mínútur
Leiktu við barnið þitt á gólfinu í 10 mínútur
Talaðu við barnið þitt í 20 mínútur og hafðu slökkt á sjónvarpinu á meðan
Tileinkaðu þér jákvætt viðmót og hrósaðu oft
Gefðu barni þínu næringu sem hjálpar þroska þess.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
Umsjónarmenn auglýsinga: Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is s. 512 5462 og Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@frettabladid.is s. 512 5432.
Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

# Tvær hagnýtar námskeiðslínur á sviði reksturs og þjónustu

**Endurmenntun Íslands býður upp á tvær spennandi og hagnýtar námskeiðslínur.**



„Kennararnir eru framúrskarandi og leggja áherslu á að þegar námskeiði er lokið komi þátttakendur út með þekkingu og tæki og tól sem hægt er að nýta strax," segir Erna Guðrún Agnarsdóttir, námstjóri Endurmenntunar Háskóla Íslands. MYND/VALLI

Þessar línur sem við bjóðum nú eru: Rekstur, stjórnun og markaðssetning smáfyrirtækja – markviss leið, sem er 90 klukkustunda nám, og Lykilþættir þjónustu – markviss leið, sem er 50 klukkustunda nám," segir Erna Guðrún Agnarsdóttir, námsstjóri Endurmenntunar Háskóla Íslands.

„Það sem er sameiginlegt með þessum línum er að það eru engin inntökuskilyrði, kennt er í staðbundnum lotum þar sem hverju námskeiði lýkur áður en það næsta hefst. Kennararnir eru framúrskarandi og leggja áherslu á að þegar námskeiði er lokið komi þátttakendur út með þekkingu og tæki og tól sem hægt er að nýta strax.

Þetta er í annað skipti sem við förum af stað með Rekstur, stjórnun og markaðssetningu smáfyrirtækja og það er skemmtilegt að verða vitni að því þegar hugmynd fæðist og verður að veruleika eftir þátttöku í slíku námi. Fólk hefur einnig sótt námið til efla sig í sínu starfi og þá um leið auka samkeppnishæfni sína þannig að ástæður þátttakenda er mismunandi.

Við erum að fara af stað í fyrsta sinn með línuna Lykilþættir þjónustu – markviss leið en við höfum orðið vör við að nám af þessu tagi vantar þannig að það er spennandi að byrja í haust. Viljum við ekki alltaf veita sem besta þjónustu svo ekki sé talað um að fá ætíð góða þjónustu," segir Erna Guðrún og brosir.

### Rekstur, stjórnun og markaðssetning smáfyrirtækja

Námið er ætlað öllum þeim sem vilja kynna sér uppbyggingu og mismunandi rekstrarform smáfyrirtækja. Þar er meðal annars farið í algeng skattaleg mistök í fyrirtækjarekstri og reikningshaldi og reikningsskilum. Þá er farið í markaðssetningu og hvernig megi nota samspil samfélagsmiðla og vefmiðla við markaðssetningu og einnig hvernig leggja skuli grunninn að fyrstu auglýsingaherferð fyrirtækisins, svo eitthvað sé upp talið. Námið er kennt á haustmisseri 2011 og er kennt í þremur lotum en hver lota nær yfir tvær helgar, frá fimmtudegi til laugardags. Námskeiðsgjald er 245.000 krónur. Umsóknarfrestur er til 9. september 2011.

### Lykilþættir þjónustu

Námsleið sem er ætluð öllum þeim sem starfa við þjónustu í fyrirtækjum og stofnunum og þeim sem hafa áhuga á að auka þekkingu sína á því sviði. Markmiðið er að þátttakendur öðlist hagnýta grunnþekkingu og færni í framúrskarandi þjónustu. Þeir læri um grunnatriði þjónustufræða, geri sér grein fyrir tengslum siðferðis og þjónustu, efli samskiptahæfni sína og sjálfstraust og þekki leiðir til að auka eigið öryggi við lausn ágreiningsmála, sem og að takast á við álag og streitu í starfi. Námið er kennt á haustmisseri 2011 og er kennt í þremur lotum en hver lota nær yfir tvær helgar, frá fimmtudegi til laugardags. Námskeiðsgjald er 145.000 krónur. Umsóknarfrestur er til 29. september 2011.



Hlín Gunnarsdóttir segir námslínuna Rekstur, stjórnun og markaðssetning smáfyrirtækja – markviss leið, hafa opnað fyrir sér nýjar víddir og aukið skilning. MYND/HAG

## *Gróska í Forsælu*

Hlín Gunnarsdóttir sótti námskeiðslínuna Rekstur, stjórnun og markaðssetning smáfyrirtækja – markviss leið, og sér ekki eftir því.

„Ég er menntaður leikmynda- og búningahönnuður og starfaði við það um árabil, jafnframt leiðsögn við ferðamenn heima og erlendis. Á einhverjum tímapunkti fæddist draumurinn um að bjóða upp á gistingu í heimilislegu umhverfi gömlu húsanna við Grettisgötu, þar sem ég bý. Ég hafði enga þekkingu á viðskiptum og skráði mig því á námskeið fyrir konur í Stofnun og rekstur smærri fyrirtækja hjá Brautargengi. Forsæla Apartmenthouse tók svo á móti fyrstu gestunum árið 2003. Eftir sjö ára starfsemi fannst mér þörf á einhvers konar örvun og næringu fyrir reksturinn. Þá rakst ég á þessa spennandi námskeiðslínu hjá Endurmenntun Háskóla Íslands. Námið var vel uppbyggt og kennararnir mjög góðir, jafnvel reikningsskil og skattamál urðu skemmtileg," segir hún og hlær.

Hlín segir að námið hafi virkilega opnað nýjar víddir og aukið skilning. „Markaðssetning og aukin þekking á heimasíðugerð kemur að góðum notum. Möguleikar Fésbókarinnar voru opinberun og margt fleira var í pakkanum, gert til þess að hjálpa manni af stað eða styrkja í rekstri eigin fyrirtækis."


Fjölbreytt og áhugaverð námskeið og námsbrautir

Taktu ánægjuleg skref með okkur

Kynntu þér framboðið á endurmenntun.is eða í síma 525 4444




Allir sem hafa sótt námskeið hjá okkur síðastliðna 12 mánuði eru jákvæðir gagnvart Endurmenntun.*

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

*samkvæmt könnun Félagsvísindastofnunar HÍ í febrúar 2011

## ALÞJÓÐLEG KAFBÁTAKEPPNI



**Tólf nemendur** úr Háskólanum í Reykjavík tóku þátt í alþjóðlegri kafbátakeppni sem fram fór í flotastöð bandaríska sjóhersins í San Diego. Keppnin kallast ROBO-SUB og lenti kafbátur íslensku nemendanna í fjórða sæti í keppninni.

Um er að ræða sjálfráða kafbát sem er búinn tölvuviti og getur leyst af hendi hin og þessi verkefni án þess að nokkur stýri honum. Í honum eru myndavélar, dýptarmælar og aðrir skynjarar.

Kafbáturinn var byggður og hannaður frá grunni af tölvunar- og verkfræðinemendum og þótti smíðin svo nýstárleg og framúrskarandi að opinber bandarískur nýsköpunarsjóður lagði verkefninu til fimm milljóna króna styrk.

## JAFNRÉTTI Í STEFNUMÓTUN OG STJÓRNUN



**Háskólinn í Reykjavík** er með mjög hnitmiðaða og réttláta jafnréttisstefnu. Eins og segir á heimasíðu hans hefur skólinn frammistöðu og hæfni ávallt að leiðarljósi og gætir að jafnrétti í allri stefnumótun og stjórnun. Því er lofað að ekki sé nein mismunun liðin í sambandi við stöðuveitingar, laun eða starfsaðstæður vegna kynferðis, aldurs, trúar, þjóðernis, kynþáttar, fötlunar, kynhneigðar eða stjórnmálaskoðana.

Sérstök áhersla er þó lögð á kynjajafnrétti, unnið er að því að jafna kynjahlutföll í starfsmannahópum. Þar að auki er kynferðisleg áreitni ekki liðin í HR, en skólinn er með sérstakar siðareglur sem taka meðal annars á áreitni.

## BELLATRIX OG FÖNIX



**Í nýjum** og glæsilegum byggingum HR við Nauthólsvík eru margir salir, fundarherbergi og hópvinnurými þar sem allt er til alls. Öll rými í aðalbyggingunni bera heiti stjörnu eða stjörnumerkis.

Bellatrix er þriðja bjartasta stjarnan í stjörnumerkinu Óríon og er í 24 ljósára fjarlægð frá jörðu. Þvermál hennar er sexfalt þvermál okkar sólar. Bellatrix-fundarsalurinn tekur 138 manns í sæti og er stærsti salur HR.

Dómsalurinn þar sem lögfræði er kennd heitir Fönix. Í stjörnumerkinu Fönix eru fjórar bjartar stjörnur sem sjást best frá suðurhveli jarðar.

Aðalmóttakan og aðalrými HR heitir Sólin og fer vel á því. Jörðin fær ekki jafn veglegan sess því jörðin er gangur sem tengir saman tvær byggingar, Venus og Mars.



„Símenntun er hvati til framfara – þannig gerum við þekkingu enn aðgengilegri," segir Guðrún Högnadóttir hjá HR, sem er til hægri á myndinni, með henni er Salóme Guðmundsdóttur. MYND/GVA

# SÍMENNTUN ER HVATI TIL FRAMFARA

**Opni Háskólinn í HR býður fjölbreytt úrval námskeiða á haustönn. Ýmsum nýjum og spennandi námsleiðum hefur verið bætt við og hefur skráning farið vel af stað.**

Hlutverk Opna háskólans í HR er að auka samkeppnishæfni og lífsgæði með því að bjóða fagtengda símenntun, stjórnendaþjálfun og aðrar hagnýtar námsleiðir til lífstíðarlærdóms utan hefðbundinna námsbrauta HR í samstarfi við akademískar deildir HR og atvinnulífið," segir Guðrún Högnadóttir framkvæmdastjóri.

„Hingað koma nemendur í nám en ganga út með nýja sýn og raunhæfar hugmyndir auk færni, kjarks og getu til að takast á við fjölbreyttar áskoranir og tækifæri í okkar samfélagi. Tæplega níu þúsund þátttakendur sóttu viðburði á okkar vegum í fyrra og þátttaka erlendra nemenda fer stöðugt vaxandi – með innflutningi nemenda og útflutningi kennara." Guðrún leggur áherslu á stöðuga þörf lífstíðarlærdóms. „Símenntun er hvati framfara – þannig gerum við þekkingu enn aðgengilegri, sem eykur skilning, sátt og sóknarfæri í okkar samfélagi. Fjöldi nýrra námsleiða er í boði við Opna háskólann í haust og skráning hefur farið firna vel af stað."

> **„Hingað koma nemendur í nám en ganga út með nýja sýn og raunhæfar hugmyndir**

Salóme Guðmundsdóttir verkefnastjóri segir að til viðbótar við fjölbreytt úrval námskeiða á haustönn hafi verið bætt við nýjum námsleiðum. „Þar má meðal annars nefna Mannauðsstjórnun – HRE (Human Resource Expert) og Viðskipti um vefinn sem hefur verið unnið í nánu samstarfi við sérfræðinga innan viðkomandi greina til að mæta vaxandi eftirspurn eftir námskeiðum á þessum sviðum."

Hún segir að Opni háskólinn bjóði einnig upp á sérsniðnar lausnir og aðlagi námskeið að þörfum fyrirtækja og atvinnugreina. „Auk þess er í boði fjöldi opinna námskeiða fyrir stjórnendur í íslensku atvinnulífi. Við munum einnig í annað sinn bjóða upp á PMD-stjórnendanám HR sem er sérlega hentugt fyrir stjórnendur sem vilja efla hæfni sína með öflugri námslínu, án þess að skuldbinda sig til margra ára náms."




**Einkaflugmannsnámskeið**
10 vikna kvöldnámskeið. Kennt 18:00-22:00.
Hefst 5. september.

**Atvinnuflugmannsnámskeið**
10 mánuðir. Kennt í dagskóla.
Hefst. 5. september.

**Flugkennaranámskeið**
Viltu miðla af eigin reynslu og verða betri flugmaður?
Hefst 12. september. Kvöldnámskeið.

**Áhafnarsamstarf (MCC)**
Viku kvöldnámskeið 17:00-22:00. Að auki 20 klst í flughermi. Hefst 5. september.

**Flugfreyju/flugþjóna námskeið**
10 vikna kvöldnámskeið. Kennt 17:30-22:00.
Hefst 12. september. Veitir alþjóðleg réttindi.

**Grunnám flugumferðastjóra**
Kennt í dagskóla. Lánshæft hjá LÍN.
Hefst 3. október.

**Kynntu þér námið á www.flugskoli.is og láttu drauminn rætast.**

www.facebook.com/flugskoli

Flugskóli Íslands
Tækniskólinn

www.flugskoli.is



SÍMEY stuðlar að því að einstaklingar á Eyjafjarðarsvæðinu hafi aðgang að hagnýtri þekkingu á öllum skólastigum. MYND/HEIÐA.IS

# SÍMEY - skref til framtíðar

**Á Eyjafjarðarsvæðinu er fjöldi námskeiða í boði, bæði styttri og eins lengri námskeið sem veita starfsréttindi eða rétt til náms á hærri skólastigum.**

Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar, SÍMEY, var stofnuð árið 2000 og hefur gegnt mikilvægu hlutverki í að efla símenntun og auka samstarf milli atvinnulífs og skóla og styrkja þannig samkeppnishæfni fyrirtækja og skóla á svæðinu. SÍMEY stuðlar að því að einstaklingar á Eyjafjarðarsvæðinu hafi aðgang að hagnýtri þekkingu á öllum skólastigum. SÍMEY býður upp á lengri námskeið en einnig upp á fjölbreytt úrval styttri námskeiða á hverri önn. Þeim námskeiðum má skipta í sex flokka: Persónuhæfni, starfsnám, almenna þekkingu, tómstundir, tungumál og tölvur. Lengd námskeiða er frá einni klukkustund upp í 20 klukkustundir. Allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi og eru frekari upplýsingar birtar á www.simey.is.

Höfuðstöðvar SÍMEY eru á Akureyri en einnig er rekið námsver á Dalvík, sem sinnir utanverðum Eyjafirði, auk Siglufjarðar. Síðastliðin þrjú ár hefur orðið mikil aukning á starfsemi stofnunarinnar og ljóst að almenningur og atvinnulífið hefur mikinn áhuga á uppbyggingunni.

## Háskólabrú Keilis í samvinnu við SÍMEY

**– Enn er tekið við skráningum**

Háskólabrú Keilis er aðfararnám að háskólanámi og er það nú kennt í staðnámi á Akureyri. Námið veitir nemendum góðan undirbúning undir háskólanám og er þróað í samstarfi við Háskóla Íslands. Nám á Háskólabrú í staðnámi er fullt nám og er því lánshæft samkvæmt reglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna (LÍN). Námið hefst 22. ágúst og lýkur ári síðar. Að loknu námi uppfylla nemendur almenn inntökuskilyrði innlendra háskóla og telst námið sambærilegt stúdentsprófi samkvæmt samningi Keilis, HÍ og menntamálaráðuneytisins. Skráning fer fram í síma 460-5720 eða 578-4020.

## NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF OG NIÐURGREIÐSLA Á NÁMSKEIÐUM

### Náms- og starfsráðgjöf

Þeir sem vilja efla sig með frekara námi, en eru kannski óvissir um hvar það sé best þá býður SÍMEY upp á þjónustu náms- og starfsráðgjafa miðstöðvarinnar. Allir geta nýtt sér hana að kostnaðarlausu og fengið aðstoð við að ákveða næstu skref. Hlutverk náms- og starfsráðgjafa er að veita fólki upplýsingar um nám og störf og aðstoða við að finna nám, sí- og endurmenntun og starfsvettvang við hæfi. Einnig aðstoð við að meta stöðuna, áhuga og hæfni og gera heildstæða áætlun um mögulegar leiðir. Góð hvatning sem getur haft úrslitaáhrif þegar tekist er á við ný verkefni.

### Fyrir atvinnuleitendur

Vinnumálastofnun má styrkja atvinnuleitanda sem er tryggður innan atvinnuleysistryggingakerfisins vegna þátttöku hans í starfstengdu námi eða námskeiði sem viðurkennt er sem vinnumarkaðsúrræði, sbr. a- og d-lið 1. mgr. 12. gr. laga um vinnumarkaðsaðgerðir. Styrkurinn skal að hámarki nema 50% af námskeiðsgjaldi en þó aldrei hærri en 70.000 kr. á önn eða á hverjum þrettán vikum. Skilyrði fyrir veitingu styrks skv. 1. mgr. er að hið starfstengda nám eða námskeið nýtist atvinnuleitandanum beint við atvinnuleit að mati ráðgjafa Vinnumálastofnunar og er til þess fallið að skila honum árangri við að finna sér starf.

### Styrkir

Styrkjamöguleikarnir eru með mismunandi hætti eftir félögum. Ákveðin stéttarfélög styrkja félagsmenn sína sem eru í 100% vinnu um allt að 75% af námskeiðskostnaði eða að hámarki 60.000 kr. á ári.

Dæmi: Enska fyrir konur. Námskeiðsgjald er 29.500 kr. Stéttarfélag greiðir allt að 75% sem jafngildir 22.125 krónum og eftir standa 7.375 krónur sem einstaklingurinn greiðir sjálfur.

## SPENNANDI LENGRI NÁMSLEIÐIR

**Menntastoðir. Dag- og kvöldnám (400 klst.). Hefst 22. ágúst 2011**
Markmið Menntastoða er að stuðla að jákvæðu viðhorfi námsmanna til áframhaldandi náms. Námið í Háskólastoðum tekur um sex mánuði (staðnám) og 10 mánuði (síðdegisnám) og gefur um 50 einingar inn í Háskólabrú Keilis. Helstu námsgreinar eru stærðfræði, íslenska, upplýsingatækni, enska og danska.

**Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum (200 klst.). Hefst í september 2011**
Um er að ræða 200 klukkustunda námsleið sem tekur mið af námskrá framhaldsskólanna. Námsgreinar eru íslenska 102, enska 102, danska 102 og stærðfræði 102 og 122.

**Skrifstofuskólinn. Dag- og kvöldnám**
Hefst í september 2011. Skrifstofuskólinn er ætlaður fólki sem hefur stutta, formlega skólagöngu að baki. Tilgangur námsleiðarinnar er að takast á við almenn skrifstofustörf og tölvunotkun og stuðla að jákvæðu viðhorfi þeirra til áframhaldandi náms.

**Sterkari starfsmaður. Dagnám (100 klst.). Hefst í september 2011**
Sterkari starfsmaður – upplýsingatækni og samskipti er ætlað fólki á vinnumarkaði sem vill auka færni til að takast á við breytingar í starfi og auka færni sína í upplýsingatækni og tölvum. Tilgangur námsleiðarinnar er að auka færni námsmanna til að takast á við breytingar, stuðla að jákvæðu viðhorfi námsmanna til starfa, nýjunga, upplýsingatækni, samskipta og símenntunar og gera þá að eftirsóknarverðari starfsmönnum.

**Fagnámskeið 2 (40 klst.). Hefst í október 2011**
Nám fyrir ófaglærða starfsmenn í heilbrigðis- og félagsþjónustu. Tilgangur námsins er að stuðla að jákvæðu viðhorfi námsmanna til áframhaldandi náms, auðvelda þeim að takast á við ný verkefni í vinnu og auka gæði í starfi.

**Skref til sjálfshjálpar í lestri og ritun (40 klst.). Hefst í október 2011**
Námsleiðin er ætluð starfandi fólki með stutta skólagöngu sem á við lestrar- og ritunarerfiðleika að stríða.

**Félagsliðabrú. Hefst 22. ágúst 2011**
Nám og kennsla á félagsliðabraut – BRÚ fer fram í síðdegis- og í dreifnámi. Námið er skipulagt fyrir einstaklinga sem eru orðnir 22 ára og hafa að minnsta kosti þriggja ára starfsreynslu. Að auki þurfa þeir að hafa lokið starfstengdum námskeiðum á vegum stéttarfélaga, sveitarfélaga eða annarra aðila sem sjá um námskeiðahald. Innihald námsins er félags-, sál- og uppeldisgreinar sem og sérgreinar á sviði fötlunar og öldrunarþjónustu.

**Stuðningsfulltrúa-, leikskóla- og skólaliðabrú. Hefst 23. ágúst 2011**
Námið í BRÚ er kennt eftir námskrá frá menntamálaráðuneytinu og gefur einingar á framhaldsskólastigi miðað við aðalnámskrá framhaldsskóla. Það er skipulagt fyrir einstaklinga sem eru orðnir 22 ára og hafa að minnsta kosti þriggja ára starfsreynslu og hafa lokið starfstengdum námskeiðum eða sí- og endurmenntun í allt að 220-230 klukkustundir. Þátttakendur útskrifast með viðurkennd starfsheiti að námi loknu.

**Í námsverinu á Dalvík verða eftirtaldar námsleiðir í boði:**

- Skrifstofuskólinn – kvöldnám
- Grunnmenntaskólinn
- Landnemaskólinn

Tilgangur skólans er að auðvelda fólki af erlendum uppruna að aðlagast íslenskum vinnumarkaði og samfélagi. Í náminu er lögð áhersla á íslenskt talmál og nytsama samfélagsfræði.
Námið er ætlað fullorðnu fólki á vinnumarkaði, sem ekki hefur íslensku að móðurmáli.

# *Umsagnir nemenda*

### Rosalega góður félagsskapur

„Ég var síðast í námi í öldungadeild Gaggans fyrir 25 árum þannig að það var mikið átak fyrir mig að stökkva aftur af stað.“ segir Ágústína Söebech, sem unnið hefur í Frístund í Síðuskóla í rúm tíu ár. „Við erum þrjár þaðan í skólaliðabrúnni hjá SÍMEY og auk þess sem þar er einn skólaliði úr Síðuskóla. Við sáum námið auglýst og stöppuðum stálinu hver í aðra.“



Ágústína Söebech

Hún segist hafa farið af stað með hálfum huga og oftar en einu sinni verið við að gefast upp. „En Valgeir og Betty hjá SÍMEY hvöttu mig til dáða og studdu mig á alla lund og ég get ekki hugsað mér að hætta úr þessu! Þetta er rosalega góður félagsskapur og hér eru allir svo jákvæðir,“ segir Ágústína.

### Alltaf gaman að koma í SÍMEY

„Ég átti í dálitlum lesvandræðum í grunnskóla og var lengi búinn að hugsa um að gera eitthvað í málinu. En það tók mig sem sagt 30 ár að hafa mig af stað og ég sé ekki eftir því,“ segir G. Einar Svanbergsson.



G. Einar Svanbergsson

„Ég fór í lesblinduleiðréttingu hjá Lamba, síðan í Skref til sjálfshjálpar hjá SÍMEY og er núna í Námi og þjálfun í bóklegum greinum. Ég er líka búinn að fara í raunfærnimat hjá SÍMEY í stálsmíði. Það er alltaf gaman að koma í SÍMEY því maður finnur að maður er velkominn. Valgeir og Betty og annað starfsfólk vill allt fyrir mann gera og hefur veitt mér frábæran stuðning og hvatningu.“

### Frábær andi í Háskólabrúnni

„Ég útskrifast úr Háskólabrú í vor og það aldrei að vita nema maður skelli sér í háskólanám innan tíðar. Námið í SÍMEY er frábær kostur fyrir fólk eins og mig sem hættir námi ungt en vill taka upp þráðinn aftur,“ Ásta Heiðrún Stefánsdóttir.



Ásta Heiðrún Stefánsdóttir

„Vinkona mín var í Grunnmenntaskólanum og mælti eindregið með honum. Það kveikti í mér og ég skellti mér þangað, síðan í Menntastoðir og svo í Háskólabrúna. Það er vissulega krefjandi að taka þetta allt á svona stuttum tíma en á móti kemur að starfsfólkið er til þjónustu reiðubúið, andinn innan dyra er frábær og félagsskapurinn ekki síðri. Ég mæli hiklaust með SÍMEY.“

# Mikil aðsókn í Förðunarskólann

**Skráning stendur nú yfir á haustönn Förðunarskóla Snyrtiakademíunnar. Mikil aðsókn er í námið sem stendur í fjórtán vikur en að þeim loknum eru nemendur útskrifaðir sem förðunarfræðingar.**

Við förum yfir allt sem snertir förðun en þetta er mjög fjölbreyttur bransi," segir Svanhvít Valgeirsdóttir, skólastjóri Förðunarskóla Snyrtiakademíunnar, en haustönnin í skólanum hefst 5. september. „Við förum vel yfir grunninn og kennum tímabilaförðun, airbrush, tísku-, ljósmynda-, sjónvarps- og leikhúsförðun svo fátt eitt sé nefnt," segir hún. Svanhvít segir nemendur einnig læra hvernig best sé að vinna með fólki í bransanum, leikstjórum og öðrum, enda hafi kennarar Förðunarskólans góða reynslu úr hinum raunverulega heimi.

Aðalkennarar skólans eru þrír, þær Svanhvít, Elsa Þuríður Þórisdóttir og Harpa Sjöfn Lárusdóttir. Sérsvið Svanhvítar er leikhús-, óperu- og líkamsförðun og hefur hún unnið við það bæði hérlendis og erlendis. „Við leggjum áherslu á að kennarar okkar hafi afar fjölbreytta reynslu," segir Svanhvít. Hún fær þannig einnig til liðs við sig færa gestakennara. „Sá fyrsti verður Ólöf Benediktsdóttir sem vann sem stílisti hjá Lori Goldstein sem er aðalstílisti hjá japanska, kínverska og ítalska Vogue," upplýsir hún og lofar síðan skemmtilegum fyrirlestrum frá ýmsum þekktum aðilum.

Förðunarskólinn er sá elsti á landinu, hefur starfað í þrettán ár við góðan orðstír. Svanhvít segir gríðarlega aðsókn vera í námið nú í haust. „Nemendum fjölgaði mikið þegar við breyttum áherslum skólans og



„Mikil aðsókn er í haustönnina," segir Svanhvít Valgeirsdóttir, skólastjóri Förðunarskóla Snyrtiakademíunnar. MYND/GVA

bættum við ýmsum sviðum fyrir utan tískuförðun," segir Svanhvít. Nemendur vinna að stóru þematengdu lokaverkefni alla önnina en þeir fá einnig raunveruleg verkefni. „Síðasta vetur tóku nemendur þátt í ýmsum verkefnum. Til dæmis förðuðu þeir fyrir söngleikinn Buddy Holly, Frostrósir, forvarnarauglýsingu, forsíðu Vikunnar, fyrir erlenda hárgreiðslumeistara frá L'Oréal og ýmislegt annað," telur hún upp.

Námið tekur fjórtán vikur, nemendum er skipt í tvo hópa, morgunhóp og kvöldhóp, sem hentar vel þeim sem eru í vinnu. Að lokinni önninni eru nemendur útskrifaðir sem förðunarfræðingar.

Kennsla Förðunarskóla Snyrtiakademíunnar fer fram að Hjallabrekku 1 í Kópavogi. Frekari upplýsingar um námið er að finna á vefsíðunni www.snyrtiakademian.is og á Facebook undir Förðunarskóli snyrtiakademíunnar. Þá má senda póst á skoli@snyrtiakademian.is eða hafa samband í síma 553 7900.





Aldís Pálsdóttir ljósmyndari hefur séð um að mynda verkefni nemenda Förðunarskólans.



# Metnaður skilar árangri

**Naglaskóli Professionails er alþjóðlegur skóli sem er starfræktur í húsnæði Snyrtiakademíunnar að Hjallabrekku 1 í Kópavogi.**

Hér er metnaður í hávegum hafður. Nemendur læra í raun um allt sem við kemur nöglum, ásetningu gervinagla, umhirðu nagla og naglasjúkdóma auk þess sem áhersla er lögð á verndun náttúrulegra nagla, það er lykilatriði," segir Aðalbjörg Einarsdóttir, naglafræðingur og skólastjóri Naglaskóla Professionails, að Hjallabrekku 1 í Kópavogi.

Naglaskólinn hefur verið starfræktur frá árinu 1998 og útskrifað hundruð naglafræðinga síðan þá. „Þetta er diplómanám sem er kennt á miðvikudögum allt árið um kring," útskýrir Aðalbjörg og getur þess að í raun sé svolítið undir hverjum og einum komið hversu langan tíma námið taki. „Það fer bara meðal annars eftir því hvað fólk er duglegt að æfa sig heima."

Skólinn sækir heiti sitt til Profsessionails sem er belgískt vörumerki. „Það er virt um allan heim og fyrir löngu búið að sanna sig, enda spannar saga þess 30 ár," bendir Aðalbjörg á og bætir við að útskrifaðir naglafræðingar frá skólanum á Íslandi hafi sjálfkrafa aukna möguleika á ráðningu hjá stofum sem starfa undir merkjum þess. „Og þær eru um nánast alla heim."

Engin inntökuskilyrði eru í Naglaskólann önnur en sextán ára lágmarksaldur og hafsjór af þolin-



Nemendur við Naglaskóla Professionails læra um allt sem viðkemur nöglum.

mæði að sögn Aðalbjargar. „Listrænir hæfileikar eru aukaatriði, hér skiptir fyrst og fremst máli að vera þolinmóður, nákvæmur og með gott auga."

Aðalbjörg getur þess að ýmsir skipulagðir viðburðir séu síðan á vegum skólans. Fyrr á árinu stóðu forsvarsmenn hans til að mynda fyrir Íslandsmeistaramóti í naglaásetningu og fantasíu sem var endurvakin eftir hlé. „Og það er svolítið skemmtilegt að segja frá því að í fyrsta skipti þegar keppnin var haldin fór sigurvegarinn til alþjóðlegrar keppni í London. Það er því alveg óhætt að segja að hér sé fullt af spennandi hlutum að gerast," segir hún glaðbeitt.

Allar nánari upplýsingar í síma 588 8300 og á Facebook.



| CAPTAIN AMERICA - 3D | 5, 7.30 og 10 |
| BRIDESMAIDS | 5, 7.30 og 10 |

SAMBÍÓIN
Mögnuð stórmynd um upphafið á stríði manna og apa sem seinna meir mun gjöreyða mannkyninu
ÞRÓUN SEM VARÐ AÐ BYLTINGU
ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í DAG
Frábærar tæknibrellurnar frá WETA þeim sömu og gerðu Avatar!
RISE OF THE PLANET OF THE APES
GREEN LANTERN
„Það er svo sannarlega nóg um að vera til að halda 3D-gleraugum áhorfenda límdum á alla myndina."
70/100 HOLLYWOOD REPORTER
HORRIBLE BOSSES
CAPTAIN AMERICA

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| GREEN LANTERN | kl. 3(2D) - 5:30(2D) - 8(3D) - 10.30(3D) | 12 |
| GREEN LANTERN LUXUS VIP | Sýnd í 2D kl. 8 - 10.30 | VIP |
| HORRIBLE BOSSES | Sýnd í 2D kl. 5:30 - 8 - 10:30 - 10:40 | 12 |
| BÍLAR 2 M/ísl. Tali | Sýnd í 3D kl. 3 - 5.30 | L |
| BÍLAR 2 M/ísl. Tali | Sýnd í 2D kl. 3 - 5.30 | L |
| CARS 2 textalaus | Sýnd í 2D kl. 11 | L |
| CARS 2 LUXUS VIP | Sýnd í 2D kl. 5.30 | VIP |
| HARRY POTTER | Sýnd í 3D kl. 8 | 12 |
| HARRY POTTER | Sýnd í 2D kl. 2:45 - 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| TRANSFORMERS 3 | Sýnd í 2D kl. 8 | L |
| KUNG FU PANDA 2 | Sýnd í 2D kl. 3 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| GREEN LANTERN (3D) | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 12 |
| CARS 2 BÍLAR 2 m/ísl tali (2D) | kl. 5:40 | L |
| HORRIBLE BOSSES | kl. 8 | 12 |
| HARRY POTTER (2D) | kl. 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| GREEN LANTERN | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| BÍLAR 2 m/ísl tali | kl. 5.30 | L |
| HARRY POTTER | kl. 5.20 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| BÍLAR 2 m/ísl tali 3D | kl. 2:30 - 5 | L |
| GREEN LANTERN 3D | kl. 2:30 - 5 - 8 - 10:30 | 12 |
| RISE OF THE PLANET OF THE APES 2D | kl. 5 - 8 - 10:30 | 12 |
| BÍLAR 2 m/ísl tali 2D | kl. 2:30 | L |
| CAPTAIN AMERICA 3D | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| HORRIBLE BOSSES 2D | kl. 2:30 - 5 - 10:45 | 12 |
| HARRY POTTER 3D | kl. 8 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| GREEN LANTERN | Sýnd í 3D kl. 5:30 - 8 - 10.30 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA | Sýnd í 3D kl. 8 - 10:30 | 12 |
| HORRIBLE BOSSES | Sýnd í 2D kl. 8 - 10.20 | 12 |
| BÍLAR 2 M/ísl. Tali | Sýnd í 3D kl. 5.30 | L |
| SUPER 8 | kl. 5:45 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| GREEN LANTERN DIGITAL-3D | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA DIGITAL-3D | kl. 5:30 | 12 |
| HORRIBLE BOSSES 2D | kl. 8 - 10:10 | 12 |
| CARS 2 2D m/íslensku tali | kl. 5:40 | L |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í DAG

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
FULLKOMIN GÆÐI!
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
RISE OF THE PLANET OF THE APES
MÖGNUÐ STÓRMYND UM UPPHAFIÐ Á STRÍÐI MANNA OG APA SEM SEINNA MEIR MUN GJÖREYÐA MANNKYNINU.
12 LÚXUS ÞRÓUN SEM VARÐ AÐ BYLTINGU.
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
★★★★ T.V. - KVIKMYNDIR.IS SÉÐ & HEYRT
★★★★ „SVONA Á AÐ GERA ÞETTA" H.V.A. - FBL
CAPTAIN AMERICA
12 VINSÆLASTA MYNDIN Á ÍSLANDI Í DAG!
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
★★★ A.K. - DV
Friends With Benefits
12 midi.is
★★★★ T.V. - KVIKMYNDIR.IS/SÉÐ & HEYRT
Harry Potter
12

SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| RISE OF THE PLANET OF THE APES | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| RISE OF THE PLANET.. Í LÚXUS | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA | KL.5.20 - 8 - 10.35 | 12 |
| FRIENDS WITH BENEFITS | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| ZOOKEEPER | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| BAD TEACHER | KL. 8 | 14 |
| MR. POPPER´S PENGUINS | KL. 3.30 | L |
| BRIDESMAIDS | KL. 10.10 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 ÍSL TAL 3D | KL. 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| RISE OF THE PLANET OF THE APES | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA | KL.5.20 - 8 - 10.35 | 12 |
| FRIENDS WITH BENEFITS | KL. 8 - 10.10 | 12 |
| HARRY POTTER 3D | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| ZOOKEEPER | KL. 5.45 | L |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| CAPTAIN AMERICA 3D | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| RISE OF THE PLANET OF THE APES | KL. 5.40 - 8 - 10.10 | 12 |



## Menntaskólinn við Hamrahlíð
www.mh.is
MENNTASKÓLINN VIÐ HAMRAHLÍÐ STOFNAÐUR 1966

### STÖÐUPRÓF HAUSTIÐ 2011

**Stöðupróf á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins verða haldin í Menntaskólanum við Hamrahlíð sem hér segir:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Danska (6 einingar*), | mán. | 15. ágúst | kl. 18:00. |
| Enska (9 einingar*), | mið. | 17. ágúst | kl. 16:00 |
| Franska (12 einingar*), | þri. | 16. ágúst | kl. 16:00. |
| Ítalska (12 einingar*), | þri. | 16. ágúst | kl. 16:00. |
| Mathematics,103, 203 og 263, | mán. | 15. ágúst | kl. 16:00. |
| Norska (6 einingar*), | mán. | 15. ágúst | kl. 18:00. |
| Spænska (12 einingar*), | þri. | 16. ágúst | kl. 16:00. |
| Stærðfræði 103, 203 og 263, | mán. | 15. ágúst | kl. 16:00. |
| Sænska (6 einingar*), | mán. | 15. ágúst | kl. 18:00. |
| Þýska (12 einingar*), | þri. | 16. ágúst | kl. 16:00. |

**hámarks einingafjöldi sem hægt er að ná, frá og með fyrsta áfanga á framhaldsskólastigi.*

Rafræn skráning í stöðupróf fer fram á heimasíðu skólans http://www.mh.is. Frekari upplýsingar á skrifstofu skólans í síma 595-5200 eftir 9. ágúst. Sýna þarf persónuskilríki með mynd í prófinu.

Prófgjald, kr. 6000 fyrir hvert próf, ber að greiða inn á reikning Menntaskólans við Hamrahlíð í banka 323 hb 26 nr 106, kt. 460269-3509. Greiðslufrestur er til hádegis á prófdegi, nauðsynlegt er að fram komi nafn og kennitala próftaka. Réttur til próftöku byggist á að prófgjald hafi verið greitt.
Stöðupróf í albönsku, bosnísku, eistnesku, filippísku, finnsku, grísku, hollensku, japönsku, kínversku, króatísku, litháísku, portúgölsku, pólsku, rússnesku, serbnesku, sinhala, taílensku, ungversku og víetnömsku verða 15. september kl. 16:00. Skráning í þessi próf hefst í lok ágúst. Nánari upplýsingar um þau próf má nálgast á skrifstofu skólans eftir 9. ágúst.

Rektor.




ÚTSÖLULOK Á MIÐVIKUDAG
3 VERÐ
1.990–2.990–3.990
Opnum aftur á fimmtudag með stútfulla búð af nýjum vörum.
MIND
Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði
Sími 534 0073
FJÖRÐUR
www.fjordur.is

# ÞRJÁR NÝJAR STRUMPABÆKUR

## Bíómiði fylgir hverri Strumpabók!






Í dag, þriðjudaginn 9. ágúst afhendir strumpur bíómiða á nýju Strumpamyndina með öllum seldum Strumpabókum á meðan birgðir endast – í verslunum Eymundsson í Kringlunni kl. 16 og í Smáralind kl. 17.




© Peyo - 2011 - Licensed through I.M.P.S. (Brussels) - www.strumpar.com
ENNEMM / SIA / NM47638
STRUMPAR™ SMURF™
Eymundsson
Bóksali frá 1872
Eymundsson.is






# sport

sport@frettabladid.is

**FIMM LEIKMENN** hafa dregið sig út úr íslenska landsliðshópnum fyrir leikinn á móti Ungverjalandi á morgun. Gylfi Þór Sigurðsson, Sölvi Geir Ottesen, Kolbeinn Sigþórsson, Guðmundur Reynir Gunnarsson og Hannes Þór Halldórsson eru allir meiddir.



**GENGUR AF VELLI** Grétar Rafn Steinsson lék síðast með Íslandi gegn Portúgal í október á síðasta ári. Hér gengur hann af velli eftir 3-1 tap Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Mæti ekki með hálfum huga

**Grétar Rafn Steinsson segir í viðtali í Fréttablaðið að hann geti ekki tekið þátt í næstu leikjum íslenska landsliðsins vegna vandamála hans utan vallar. Það sé gert „með sorg í hjarta“ en hann muni gefa aftur kost á sér í liðið eftir áramót.**

**FÓTBOLTI** Grétar Rafn Steinsson, fastamaður í enska úrvalsdeildarliðinu Bolton og lykilmaður íslenska landsliðsins undanfarin ár, hefur ekkert spilað með landsliðinu á þessu ári. Enn fremur var tilkynnt á dögunum að hann myndi heldur ekkert spila með liðinu meira á þessu ári vegna persónulegra vandamála.

Ísland mætir Ungverjalandi í æfingaleik ytra á morgun en Grétar Rafn spilaði síðast með íslenska landsliðinu gegn Portúgal í undankeppni EM 2012. Sá leikur fór fram í október í fyrra.

Grétar Rafn segir í samtali við Fréttablaðið að þetta sé gert með sorg í hjarta en sé því miður nauðsynlegt.

„Undanfarið ár hef ég verið í baráttu utan fótboltavallarins og því miður hef ég af þeim sökum ekki getað gefið hundrað prósent af mér til landsliðsins. Ég varð að vera hreinskilinn og viðurkenna það gagnvart sjálfum mér, þjálfaranum og ekki síst liðinu sjálfu,“ segir Grétar Rafn sem kaus að greina ekki frekar frá hvers eðlis sín vandamál væru.

„Ég er knattspyrnumaður – lífið er ekki alltaf dans á rósum. Það þarf stundum að sjá til þess að allt utan fótboltavallarins sé í lagi til að ég geti stundað mína vinnu af fullum krafti. Það er mikið álag sem fylgir mínu starfi og í augnablikinu treysti ég mér ekki til að gefa landsliðinu allt mitt. Ég verð að gera það í minni vinnu en ég get ekki mætt í landsleiki með hálfum huga. Frekar sleppi ég því.“

### Landsleikir sem Grétar Rafn hefur misst af

**Grétar Rafn** lék sinn fyrsta landsleik árið 2002 (og skoraði) en landsleikur númer tvö kom ekki fyrr en þremur árum síðar. Hann hefur verið fastamaður í liðinu undanfarin sex ár.

**Landsleikir sem Grétar Rafn hefur misst af undanfarin ár:**

| | |
|---|---|
| 2005 - lék með Young Boys - | 0 leikir |
| 2006 - AZ Alkmaar - | 0 leikir |
| 2007 - AZ Alkmaar - | 1 leikur* |
| 2008 - Bolton - | 7 leikir |
| 2009 - Bolton - | 2 leikir |
| 2010 - Bolton - | 6 leikir |
| 2011 - Bolton - | 2 (+4) leikir |

*** Grétar Rafn var búinn að leika 23 landsleiki í röð þegar hann missti af leik gegn Liechtenstein í október 2007.**

Hann segir að það sé meira sem komi til, til að mynda barátta við hnémeiðsli sem hann hafi verið að glíma við undanfarin tvö ár. „En fyrst og fremst snýst þetta um að ég er að spila í mjög erfiðri deild og ég þarf að vera 100 prósent til að standa mig,“ segir hann.

Hann segist vera stoltur af því að fá að klæðast íslenska landsliðsbúningnum. Ákvörðun hans tengist ekki landsliðinu, þó svo að árangur þess hafi látið á sér standa undanfarin ár. „Ég hef ekkert á móti landsliðsþjálfaranum eða neinu slíku. Ég hef áður sagt að ég vilji meiri árangur og að það sé hægt að gera betur. En það er ekki ástæðan fyrir því að ég gef ekki kost á mér nú,“ segir Grétar. Hann ætlar þó að gefa aftur kost á sér í landsliðið eftir áramót.

„Það eru spennandi tímar fram undan í landsliðinu og ég vil taka þátt í því. En í augnablikinu þarf ég einfaldlega að einbeta mér að því að klára þau atriði sem ég þarf að klára áður en lengra er haldið. Það er gert með mikilli sorg í hjarta en þegar ég er búinn að því, þá kem ég til baka.“

eirikur@frettabladid.is

Helga Margrét Þorsteinsdóttir keppir líklega ekki meira í ár og missir af HM í Kóreu:

## Fer bara í réttirnar í staðinn

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** Helga Margrét Þorsteinsdóttir er ekki enn komin af stað eftir meiðslin sem hún varð fyrir á EM unglinga á dögunum. Hún er búin að afskrifa það að ná lágmörkum fyrir HM í Kóreu og leggur nú áherslu á að losna alveg við meiðslin sem hafa hrjáð hana.

„Ég býst við því að ég keppi ekkert meira í sumar. Maður tekur þá pásuna aðeins fyrr og byrjar bara undirbúningstímabilið aftur. Maður verður bara að taka þessu,“ segir Helga Margrét og bætir við: „Þetta er svolítið sem ég hef glímt við lengi. Ég get hlaupið upp að 80 prósentum en um leið og maður ætlar að fara að taka eitthvað meira á en það þá segir allt bara stopp,“ lýsir Helga Margrét en hún varð að hætta keppni á EM 22 ára á dögunum.

„Ég er ekki verri núna en ég var fyrir þrautina á Evrópumeistaramótinu. Ég get æft og ég get keppt upp að vissu marki. Ég hef engan áhuga á því að halda þannig áfram og ég ætla bara að laga þetta í eitt skipti fyrir öll. Ég þarf að vera mjög duglег í öllum þessum endurhæfingaræfingum og í því að styrkja vöðvana í kring. Ég vona að ég geti byrjað hægt og rólega og reynt að fara svo allt af hraðar og hraðar,“ segir Helga en hún segir ómögulegt að setja einhver tímamörk á það hvenær hún verður orðin hundrað prósent. „Það jákvæðasta sem ég sé við þetta er að ég geti farið í réttirnar í sveitinni í staðinn fyrir að vera í Kóreu þó að það sé ekki óskastaða. Ég var alveg búin að búa mig undir það að missa af réttunum þetta árið og fannst það bara fínt svo lengi sem ég væri í Kóreu,“ segir Helga.

„Það kemur HM eftir þetta HM og það tekur mörg ár að byggja upp. Þó að það gangi ekki upp á næsta ári eða þarnæsta ári þá gildir bara að halda ótrauð áfram og láta engan bilbug á sér finna.“

- óój



**HELGA MARGRÉT ÞORSTEINSDÓTTIR** Reynir að horfa jákvætt á hlutina.

58·12345

# ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S

# MIÐSTÆRÐ Á 1.000 KR.

# MEÐ 3 ÁLEGGSTEGUNDUM.

EF ÞÚ SÆKIR

dominos.is




stefánsson & stefánsson

## > Hilary Swank

„Ég ólst upp í hjólhýsabyggð í Bellingham í Washington-ríki.“

***Hilary Swank fer með aðalhlutverk í spennumyndinni Insomnia ásamt Al Pacino og Robin Williams. Fjallar myndin um tvo rannsóknarlögreglumenn frá Los Angeles sem rannsaka morð í bæ í Norður-Noregi og er hún sýnd á Stöð 2 bíó kl. 20.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR ROÐNAR OG BLÁNAR

# *Samlífið frá öllum hliðum*

Þrjú norsk ungmenni, þau Marie Kinge 18 ára, Thomas Albertsen Dahlen 19 ára og Pia Dailey Christoffersen 22 ára, eru þáttastjórnendur Þrennu, eða Trekant eins og þátturinn kallast á frummálinu, sem sýndur er í Sjónvarpinu klukkan rúmlega ellefu á fimmtudagskvöldum. Er það hispurslaus þáttur frá norska ríkissjónvarpinu NRK um kynlíf og allt sem það snertir.

Eins og gefur að skilja er umfjöllunarefnið afar eldfimt og þar af leiðandi umdeilt. Ég hef heyrt afar misjafnar skoðanir á þessum þáttum. Sumum þykja þeir vera argasta klám, öðrum þykir ekki viðeigandi að svo ungt fólk kafi djúpt ofan í hina ýmsu kima kynlífsheimsins og breiði þannig út óhentugan boðskap og hvetji ungmenni til samfara.



Svo eru aðrir sem eru hæstánægðir með framtakið. Marie, Thomas og Pia eru enda afar huguð og nálgast viðfangsefnið umbúðalaust og án fordóma. Þau meðtaka jafnt fróðleik um getnaðarvarnir sem og leyndardóma Kama Sutra. Þau fræðast um kynlíf samkynhneigðra, taka viðtöl við strippara og fólk sem klæmist í síma. Hver þáttur hefur visst þema. Ungmennin þrjú fá mismunandi verkefni sem þau kynna síðan fyrir vinum sínum í lok þáttar og sýna hvað þau hafa lært. Það getur orðið ansi vandræðalegt en þó líka skondið á köflum.

Þrenna er vissulega um margt upplýsandi þáttur. Ég mæli þó ekki sérstaklega með að horfa á hann með óhörðnuðum unglingum, slíkt er afar neyðarlegt og ávísun á roða í kynnum hjá öllum aðilum.

## RÚV

**15.40 Íslenski boltinn** (e)
**16.35 Leiðarljós**
**17.15 Tóti og Patti** (18:52)
**17.26 Þakbúarnir** (17:52)
**17.38 Skúli skelfir** (1:52)
**17.49 Jimmy Tvískór** (11:13)
**18.10 Táknmálsfréttir**
**18.20 Gulli byggir** (6:6) (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Að duga eða drepast** (36:41) (Make It or Break It)
**20.20 Isola** (Isola) Finnsk hreyfimynd. Isola býr ein á eyju en skyndilega drífur að ókunnugt fólk.
**20.40 Herstöðvarlíf** (Army Wives) Bandarísk þáttaröð um eiginkonur hermanna sem búa saman í herstöð og leyndarmál þeirra. Meðal leikenda eru Kim Delaney, Catherine Bell, Sally Pressman, Brigid Brannagh, Sterling K. Brown og Brian McNamara.
**21.25 Golf á Íslandi** Golfþættir fyrir alla fjölskylduna, þá sem spila golf sér til ánægju og yndisauka og líka þá sem æfa íþróttina af kappi.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Winter lögregluforingi – Næstum dauður** (5:8) (Kommissarie Winter)
**23.20 Sönnunargögn** (6:13) (Body of Proof) (e)
**00.05 Fréttir** (e)
**00.15 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Copying Beethoven**
**10.00 Nights in Rodanthe**
**12.00 Pétur og kötturinn Brandur**
**14.00 Copying Beethoven**
**16.00 Nights in Rodanthe**
**18.00 Pétur og kötturinn Brandur**
**20.00 Insomnia**
**22.00 Friday the 13th**
**00.00 The Number 23**
**02.00 Loving Leah**
**04.00 Friday the 13th**
**06.00 Duplicity**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (6:175)
**10.10 Wonder Years** (6:23)
**10.40 The Bill Engvall Show** (2:12)
**11.05 Monk** (5:16)
**11.50 Flipping Out** (5:9)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Frasier** (3:24)
**13.25 American Idol** (41:43)
**14.10 American Idol** (42:43)
**15.00 Sjáðu**
**15.30 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (19:25)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 Two and a Half Men** (22:24)
**19.40 Modern Family** (10:24)
**20.00 The Middle** (24:24) Frábærir gamanþættir í anda Malcholm in the Middle um dæmigerða vísitölufjölskyldu þar sem allt lendir á ofurhúsmóðurinni sem leikin er af Patriciu Heaton úr Everybody Loves Raymond.
**20.25 The Big Bang Theory** (19:23)
**20.50 How I Met Your Mother** (20:24)
**21.15 Bones** (19:23)
**22.00 Entourage** (6:12)
**22.25 Daily Show: Global Edition**
**22.50 Hot In Cleveland** (3:10)
**23.15 Cougar Town** (3:22)
**23.40 Off the Map** (9:13)
**00.25 NCIS: Los Angeles** (15:24)
**01.10 Eleventh Hour** (15:18)
**01.50 Nip/Tuck** (9:19)
**02.35 CJ7**
**04.00 Monk** (5:16)
**04.40 The Big Bang Theory** (19:23)
**05.05 How I Met Your Mother** (20:24)
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**18.00 Pepsi mörkin** Skemmtilegur þáttur þar sem farið er yfir öll mörkin og umdeildu atvikin í Pepsi deild karla í knattspyrnu. Umsjónarmaður er Hörður Magnússon.
**19.10 Arnold Classic** Sýnt frá Arnold Classic mótinu en á þessu magnaða móti mæta flestir af bestu og sterkustu líkamsræktarköppum veraldar, enda Arnold Classic eitt stærsta mót sinnar tegundar í heiminum.
**20.00 Juventus - Man. Utd. 21.4 1999** Knattspyrnuárið 1999 líður stuðningsmönnum Manchester United seint úr minni. Nánast allt gekk upp hjá Rauðu djöflunum sem hrósuðu sigri á þremur stórmótum. Eftir jafntefli, 1-1, við Juventus á Old Trafford í fyrri undanúrslitaleik Meistaradeildar Evrópu virtist draumurinn úti. Ítalska liðið byrjaði með látum í seinni leiknum og komst í 2-0. En þegar öll sund virtust vera lokuð steig Roy Keane fram og leiddi sína menn til sigurs.
**21.50 Veiðiperlur** Flottur þáttur þar sem farið er í allt milli himins og jarðar sem tengist stangaveiði. Farið verður í veiði í öllum landshornum og landsþekktir gestir verða í sviðsljósinu. Einnig verður farið í saumana á lífsstíl og matarmennsku í veiði.
**22.20 BÍ Bolungarvík - KR** Útsending frá leik BÍ/Bolungarvíkur og KR í undanúrslitum Valitor-bikarsins.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.00 Premier League World** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegu hliðum.
**17.30 Man. City - Man. Utd.** Útsending frá leik Manchester City og Manchester United um Samfélagsskjöldinn á Wembley.
**19.30 PL Classic Matches: Newcastle - Man. United, 1996**
**20.00 Football League Show** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**20.30 Chelsea - WBA** Útsending frá leik Chelsea og WBA í ensku úrvalsdeildinni.
**22.15 Arsenal - Blackpool** Útsending frá leik Arsenal og Blackpool í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**17.15 Dynasty** (17:28)
**18.00 Rachael Ray**
**18.45 WAGS, Kids & World Cup Dreams** (5:5) (e) Fimm kærustur þekktra knattspyrnumanna halda til Suður-Afríku í aðdraganda heimsmeistarakeppninnar sem haldin var á síðasta ári. Stúlkurnar verja síðasta deginum í Suður-Afríku við sjálfboðastörf fyrir börn sem misst hafa foreldra sína úr HIV.
**19.45 Whose Line is it Anyway?**
**20.10 Survivor** (13:16) Bandarískur raunveruleikaþáttur sem notið hefur mikilla vinsælda.
**21.00 How To Look Good Naked** (6:8) Stílistinn geðþekki Gok Wan brýtur múra útlitsdýrkunar og aðstoðar ólíkar konur við að finna ytri sem innri fegurð.
**21.50 In Plain Sight** (6:13) Spennuþáttaröð sem fjallar um hörkukvendi og störf hennar fyrir bandarísku vitnaverndina.
**22.35 The Good Wife** (10:23) (e) Endursýningar frá byrjun á fyrstu þáttaröðinni um góðu eiginkonuna Aliciu.
**23.20 Californication** (10:12) (e)
**23.50 CSI: New York** (8:22) (e)
**00.40 Shattered** (7:13) (e)
**01.30 CSI** (21:23) (e)
**02.15 Smash Cuts** (19:52) (e)
**02.40 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**07.10 World Golf Championship** (1:4)
**11.10 Golfing World**
**12.00 Golfing World**
**12.50 World Golf Championship** (1:4)
**17.00 US Open 2000 - Official Film**
**18.00 Golfing World**
**18.50 PGA Tour - Highlights** (29:45)
**19.45 Ryder Cup Official Film 2010**
**21.00 2010 PGA TOUR Playoffs Official Film** (1:1)
**22.00 Golfing World**
**22.50 PGA Tour - Highlights** (25:45)
**23.45 ESPN America**

## EXTRA

**19.30 The Doctors**
**20.15 Grey's Anatomy** (15:24) Fimmta sería þessa vinsælasta dramaþáttar í heimi. Meredith og Derek komast að því að það að viðhalda hinu fullkomna sambandi er mun erfiðara en þau áttu von á. Líf læknanna ungu hefur tekið stakkaskiptum þegar einn úr hópnum veikist alvarlega og mörkin milli lækna og sjúklinga verða óljós.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.45 Fairly Legal** (10:10) Dramatísk og hnyttin þáttaröð sem fjallar um Kate Reed. Hún starfaði sem lögmaður á virtri lögfræðistofu fjölskyldunnar sinnar í San Francisco en ákvað að gerast sáttamiðlari þar sem henni fannst réttarkerfið ekki vera nógu skilvirkt. Kate hefur náttúrulega hæfileika til að leysa deilumál, bæði vegna kunnáttu sinnar í lögfræði og eins vegna mikilla samskiptahæfileika.
**22.25 Nikita** (21:22) Ný og hörkuspennandi þáttaröð frá Warner Bros um leyniþjónustuna Division sem ræður til sín ungmenni sem áttu erfiða æsku. Leyniþjónustan eyðir öllum sönnunargögnum um fyrra líf þeirra og gerir þau að færum njósnurum og morðingjum.
**23.15 Weeds** (5:13)
**23.45 Grey's Anatomy** (15:24)
**00.30 The Doctors** (166:175)
**01.10 Sjáðu**
**01.35 Fréttir Stöðvar 2**
**02.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
**21.00 Bæjarstjórnarfundur** Útsending frá bæjarstjórnarfundi frá því fyrr um daginn.

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Finnur Yngvi Kristinsson, verkefnastjóri hjá Rauðku.
**21.00 Græðlingur** Gurrý og grænir fingur.
**21.30 Svartar tungur** Þingmenn á ferð og flugi.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun




## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 20.50**

**How I Met Your Mother**

Ein allra besta gamanserían í sjónvarpi í dag. Að þessu sinni kaupir Ted gamalt og hrörlegt hús eftir að mamma hans kemur honum í opna skjöldu með því að gifta sig á ný.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunfrúin **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tropicalia: Bylting í brasilískri tónlist **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Við sjávarsíðuna **14.00** Fréttir **14.03** Mixtúra **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Og sólin rennur upp **15.25** Málstofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Eyðibýlið **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Í lok dags **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Firðir **20.00** Leynifélagið **20.30** Stimpilklukkan **21.30** Kvöldsagan: Ofvitinn **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Fimm fjórðu **23.05** Útvarpsleikhúsið: Fígaró, Rósinkranz og Símonar **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### BBC entertainment

**11.25** Monarch of the Glen **12.15** Keeping Up Appearances **12.45** Dalziel and Pascoe **13.35** Dalziel and Pascoe **14.30** Deal or No Deal **15.05** Deal or No Deal **15.35** Deal or No Deal **16.10** Keeping Up Appearances **16.40** ,Allo ,Allo! **17.05** ,Allo ,Allo! **17.35** The Inspector Lynley Mysteries **18.20** The Inspector Lynley Mysteries **19.10** Top Gear **20.00** The Graham Norton Show **20.45** QI **21.15** Little Britain **21.45** My Family **22.15** Top Gear **23.05** The Graham Norton Show **23.50** QI **00.20** Little Britain **00.50** My Family

### DR 1

**11.40** Da Norge lå syd for ækvator **12.00** Liv på balkonen **12.30** 90'erne tur retur **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Aftenshowet **14.00** Klassen 2.b **14.15** Carsten og Gittes Vennevilla **14.30** Lille Nørd **15.00** Kærlighed i ukendt land **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** På optagelse med Livets planet **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Verdens vildeste ørkentur **18.30** Kender du typen **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.35** Kronprinsessen **20.30** Kronprinsessen

### NRK 1

**11.05** Niklas' mat **11.35** Jens - turmann og tegner **12.00** Hvilket liv! **12.30** I Zlatans fotspor **13.00** Derrick **14.00** Sommeråpent **14.45** Ut i nærturen **15.00** Krøniken **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Tilbake til 90-tallet **16.40** Distriktsnyheter **17.30** Ut i naturen **18.00** Hvem var Sherlock Holmes? **18.45** Extra-trekning **18.55** Distriktsnyheter **19.30** Sommeråpent **20.15** Lyngbø og Hærlands Big Bang **21.05** Kveldsnytt **21.20** Elskerinner **22.10** Fredag i hagen **22.40** Australias villmark

### svt1

**11.20** När mörkret faller **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Paraplymördaren **14.55** Sommarkväll **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Strömsö **16.55** Schlagerpärlor **17.05** En man och hans bil **17.10** Kulturnyheterna **17.20** Sverige i dag sommar **17.30** Rapport **17.52** Regionala nyheter **18.00** Allsång på Skansen **19.00** Kommissarie Montalbano **20.40** Försvunna **21.10** Onda cirklar **21.55** Sommarmord **22.25** Rapport **22.30** Seraphim Falls **00.20** Rapport **00.25** Svaleskär


Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is




Lukkulíf VITA

Hálft fæði!

**16. ágúst í 11 nætur**
**Verð frá 119.900 kr.***
**og 15.000 Vildarpunktar**

á mann mv. 2 fullorðna og eitt barn (2–11) í herbergi með hálfu fæði.

Innifalið: Flug, gisting með hálfu fæði, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn.

Verð á mann m.v. 2 í tvíbýli 139.900 kr.**
og 15.000 Vildarpunktar
*Verð án Vildarpunkta m.v. 2+1 129.900 kr.
** Verð án Vildarpunkta m.v. 2 149.900 kr.

Lukkulíf VITA gerir þér kleift að velja áfangastað, brottfarardag og lengd ferðar en upplýsingar um gististað berast þér síðar.

**Takmarkað sætaframboð**

Bodrum er einn allra vinsælasti sólarstaðurinn á vesturströnd Tyrklands við Eyjahaf þar sem sólin skín nánast allt árið um kring. Freistandi baðstrendur, fyrsta flokks þjónusta og gnægð veitingastaða og verslana.

**Þú getur notað Vildarpunktana hjá okkur**

Vildarklúbbur

Hjá VITA getur þú lækkað verðið á ferðinni þinni um 10.000 kr. með 15.000 Vildarpunktum. Auk þess eru veittir 2.500 Vildarpunktar fyrir allar keyptar ferðir í leiguflugi með VITA. Þannig öðlast þú stöðugt fleiri tækifæri til þess að njóta lífsins.

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

VITA er lífið

ÍSLENSKA SIA.IS VIT


## MEÐAL EFNIS Í BLAÐINU:

### YFIRBÓT SÍMANS

SÆVAR FREYR ÞRÁINSSON FORSTJÓRI SÍMANS Í VIÐTALI.

### MAN EINHVER EFTIR BORGARKRINGLUNNI?




### MARKAÐURINN KEMUR ÚT Á MORGUN




**Allt sem þú þarft**

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*Á Jómfrúnni er maturinn ljúffengur og þjónustan afbragð. Þangað kem ég ýmist með mömmuklúbbnum eða fjölskyldunni. Jómfrúin á alltaf við.*

Gerður Kristný Guðjónsdóttir rithöfundur.

# Valsarinn aumur í rassinum eftir KR-æfingu

„Þeir hefðu ekki getað sett mig í ljótari búning. Þetta var alveg ferlegt,“ segir Breki Logason fréttamaður um það að þurfa að eyða öllum laugardeginum í KR-búningi. Breki gengur í það heilaga á næstu dögum og þeir sem til hans þekkja vita að hann er gallharður stuðningsmaður Vals í knattspyrnu. Félögum hans þótti því fyndið að tileinka steggjunina Knattspyrnufélagi Reykjavíkur, erkifjanda Vals. Breki eyddi því góðum tíma í Frostaskjólinu þar sem hann spilaði körfubolta og mætti á æfingu með meistaraflokki KR í knattspyrnu.

„Þetta var frábær dagur þó að ég hafi ekki verið par sáttur við að eyða svona miklum tíma í Frostaskjólinu. Ég byrjaði á að keppa í körfu við Brynjar Þór Björnsson,“ segir Breki en hann kom öllum á óvart og skoraði 7 stig á móti Brynjari. „Ég skoraði tvær mestu grís þriggja stiga körfur sem ég hef á ævinni gert.“

Á fótboltaæfingu var Breki látinn í markið og áttu knattspyrnumennirnir að koma boltanum í afturendann á honum. „Það var nú ekki sérstaklega góð nýting hjá KR-drengjunum en Baldur Sigurðsson átti þvílíkt dúndurskot. Ég er enn þá að drepast í rassinum.“

Dagurinn endaði svo á KR-hverfiskránni, Rauða ljóninu á Eiðistorgi. „Það var toppurinn á deginum. Þá kom Bjartmar Guðlaugsson, átrúnaðargoðið mitt, og tók nokkra slagara fyrir okkur. Þá gat ég fyrirgefið strákunum fyrir KR-daginn mikla.“

Breki gengur að eiga unnustu sína, Védísi Sigurðardóttur, 20. ágúst í Háteigskirkju og er það félagi hans og samstarfsmaður á Stöð 2, Andri Ólafsson, sem sér um veislustjórn en þess ber að geta að hann er harður KR-ingur. **- áp**



**SVART-HVÍTT** Breki Logason tók ekki annað í mál en að vera í Valstreyjunni undir KR-búningnum á meðan hann var steggjaður af félögum. MYND/ÓMARÖRN

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Sjónvarpskonan fyrrverandi, **Þóra Sigurðardóttir**, sem stjórnaði Stundinni okkar fyrir nokkrum árum, hefur síðustu árin einbeitt sér að barnauppeldi og skrifum um foreldrahlutverkið. Á næstunni snýr hún aftur í Efstaleitið með nýjan þátt á Rás 1 sem verður á dagskrá klukkan 13 á föstudögum. Ekki þarf að koma á óvart að í honum fjallar Þóra um börn og barnauppeldi og hafa þættir hennar fengið nafnið Foreldrahlutverkið.



Vegfarendur við Klambratún í Reykjavík ráku upp stór augu í gær þegar litríkur skokkari geystist þar um. Skokkarinn var klæddur í rauðar stuttbuxur og bláan bol og síður ljós hármakki var bundinn aftur á bak með teygju. Þarna var á ferð tónlistarmaðurinn **Högni Egilsson** úr hljómsveitinni Hjaltalín sem undanfarið hefur eytt meiri tíma í að syngja á klúbbum með GusGus en að rækta musterið. Með í för var Georg Hilmarsson úr Sprengjuhöllinni sálugu og þóttu þeir félagar bera sig nokkuð fagmannlega að. **- hdm**

## FIMM MEST SELDU SÓLÓPLÖTUR BUBBA

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Dögun | 26.000 eintök |
| 2. | Frelsi til sölu | 22.000 |
| 3. | Kona | 20.500 |
| 4. | Lífið er ljúft | 20.000 |
| 5. | Sögur af landi | 15.000 |



**ÓTRÚLEGUR ÁRANGUR** Bubbi Morthens hefur selt fleiri en 320.000 plötur á sólóferli sínum. Einstakur árangur segir Eiður Arnarsson, útgáfustjóri Senu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ARNAR EGGERT: BUBBI ER ÍSLAND EINS OG LÝSI OG LOPAPEYSA

# Bubbi Morthens hefur selt fleiri en 320.000 sólóplötur

„Ég held að það sé hægt að fullyrða að þetta sé einstakur árangur,“ segir Eiður Arnarsson, útgáfustjóri Senu og stjórnarmaður í félagi hljómplötuframleiðenda.

Sólóplötur Bubba Morthens hafa selst í meira en 320 þúsund eintökum frá 17. júní árið 1980 þegar Ísbjarnarblús kom út, samkvæmt upplýsingum frá Senu og útreikningum Fréttablaðsins. Dögun, frá árinu 1987, er mest selda platan, en hún hefur selst í um 26 þúsund eintökum. Fast á hæla hennar fylgir Frelsi til sölu, sem hefur selst í um 22.000 eintökum frá því að hún kom út árið 1986. Árangurinn er sérstaklega skemmtilegur í ljósi þess að Íslendingar eru í dag rétt tæplega 320 þúsund talsins.

Tónlistarspekingurinn og blaðamaðurinn Arnar Eggert Thoroddsen efast um að annar eins poppari eigi eftir að stíga fram á sjónarsviðið á Íslandi. „Þetta er ótrúlegt,“ segir Arnar. „Allar þjóðir virðast eiga sinn Bubba, þar sem allir, háir sem lágir, latte-lepjandi hippsterar sem og harðvinnandi stáliðnaðarmenn, þekkja lögin. Geta sungið með í tugum þeirra. Þessir menn virðast hitta á einhvern þjóðarpúls sem er sameiginlegur öllum. Bubbi er Ísland. Eins og lýsi og lopapeysa.“

Arnar játar að Bubbi verði í raun eilífur í gegnum tónlist sína, enda eigi hann tugi sígildra laga, sem standast tímans tönn. „Þá nær lag eins og Aldrei fór ég suður langt út fyrir Ísland. Frábær textinn talar alþjóðlegt tungumál — Springsteen hefði ekki getað gert betur,“ segir hann.

Bubbi Morthens var í laxveiði þegar Fréttablaðið náði í hann. Spurður hvort hann hafi búist við að selja 320 þúsund plötur þegar hann sendi frá sér Ísbjarnarblús fyrir 30 árum er svarið einfalt: „Nei, nei, nei. Ég man að ég var rosa impóneraður þegar þúsund eintök voru seld af Ísbjarnarblús. Mér fannst það rosalegt,“ segir hann. „Þetta er auðvitað árangur sem er með ólíkindum. Sérstaklega í ljósi þess að þetta er frumsamin tónlist.“

Plötur Bubba hafa selst misjafnlega vel, en sú nýjasta, Ég trúi á þig, rýkur út og hefur selst í tæplega 4.000 eintökum í dag. Bubbi segist vera langt frá því að vera hættur og telur lykilinn að þessum magnaða árangri vera að hann sé stöðugt á tánum og ögri sjálfum sér. „Hættan í þessu eins og svo mörgu öðru er að finnast þú vera kominn á örugga hillu,“ segir hann. „Þá er kominn tími til að tala við nána vini og biðja um hjálp.“

**atlifannar@frettabladid.is**




# Ásgeir pimpar Austur upp

„Það er verið að pimpa aðeins dæmið,“ segir Ásgeir Kolbeinsson, einn af eigendum skemmti- og veitingastaðarins Austurs.

Breytingar standa yfir á framsal Austurs. Ásgeir segir að með þeim sé verið að undirbúa dagopnun staðarins 26. ágúst næstkomandi, sem hefur hingað til opnað fyrir matargesti síðdegis. „Þá förum við að bjóða upp á mat, kaffi og kökur yfir daginn,“ segir hann. „Til þess að allt gangi upp þurfum að gera breytingar á framsalnum. Gera hann kaffihúsalegri.“

Ásgeir játar að ætli staðir í miðbæ Reykjavíkur að halda vinsældum sínum þurfi að fríska upp á þá endrum og eins. „Við erum enn þá á toppnum sem skemmtistaður fyrir okkar hóp og ætlum ekki að láta það drabbast niður,“ segir hann.

Fjölmörg málverk af drengnum með tárið hafa verið á meðal einkennismerkja Austurs. Verða þau tekin niður í breytingunum? „Nei, drengurinn fer aldrei niður. Það er alveg bannað. Það eru engar breytingar á því sem er á bak við, hvorki gryfjunni né barsvæðinu.“ **- afb**



**ALLT AÐ GERAST** Iðnaðarmenn voru að störfum á veitinga- og skemmtistaðnum Austri í gær, en verið er að taka framsal staðarins í gegn. Ásgeir Kolbeins og félagar hyggjast hafa staðinn opinn á daginn frá og með 26. ágúst. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

KOMDU Í ÖLL HELSTU PARTÝIN MEÐ OKKUR

m.visir.is Fáðu Vísi í símann!

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir.

vísir

Ódýrast!
www.bensinverd.is
sýnir þér hvar lítrinn
er ódýrastur

# Ofurdagur




# 5 kr.

## afsláttur af lítranum í dag*




Öll Skeljungskort gilda
líka á Orkustöðvunum.

ENNEMM / SIA / NM46422

Orkulykillinn opnar þér leið að lægra verði
á **67 Orku- og Shellstöðvum** um allt land

Ódýrari, einfaldari og þægilegri eldsneytiskaup með Orkulyklinum. Þú borgar með Orkulyklinum, lækkar eldneytiskostnaðinn og nýtur sérkjara hjá fjöldanum öllum af samstarfsaðilum okkar.

Sæktu um Orkulykilinn í dag á **www.orkan.is**

ORKAN
AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGRI!

*Þegar greitt er með Orkulykli, Orkukorti, Afsláttarkorti eða staðgreiðslukorti Skeljungs. Gildir ekki með öðrum tilboðum og afsláttarkjörum.

Símanúmer þjónustuvers: **578 88 00**

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Brúðkaupsveisla í Hvalfirði

**Guðmundur Óskar Guðmundsson**, bassaleikari hljómsveitarinnar Hjaltalín, gekk í heilagt hjónaband með Jónínu Guðnýju Bogadóttur, nema í félagsráðgjöf, á laugardaginn. Athöfnin fór fram í Fríkirkjunni í Reykjavík en að henni lokinni var blásið til heljarinnar veislu í félagsheimili Ungmennafélagsins Drengs í Kjósinni. Á annað hundrað gestir fögnuðu með hjónakornunum. Davíð Þór Jónsson píanóleikari var veislustjóri og meðal þeirra sem tróðu upp voru Sigríður Thorlacius og Sigurður Guðmundsson, bróðir brúðgumans, sem einnig hélt ræðu. Faðir brúðarinnar, Bogi Ágústsson fréttamaður, var einnig á meðal fjölmargra ræðumanna. Að dagskrá lokinni dönsuðu gestir við undirleik hljómsveitar sem samanstóð að mestu af meðlimum Hjaltalíns. Var gleðin slík að einhverjir gesta máttu ekkert vera að því að sofa áður en þeir voru ferjaðir í bæinn daginn eftir.



### Buchheit til bjargar

Fyrrum aðalsamningamaður Íslands í Icesave-deilunni, **Lee Buchheit**, hefur verið ráðinn til starfa af grískum stjórnvöldum til að aðstoða þau við að ná tökum á skuldavanda landsins, en ekki hefur verið greint frá því nákvæmlega hvert hlutverk hans verður. Buchheit er einn af 1.100 starfsmönnum alþjóðlegu lögfræðiskrifstofunnar Cleary Gottlieb og hefur um árin aðstoðað nauðstödd stjórnvöld ríkja svo sem Argentínu, Síle og Mexíkó.

- hdm, kóp



### Mest lesið vísir

1. Hola myndaðist í jörðinni á Selfossi
2. Íbúar í hæsta turni heims þurfa að fasta lengur en aðrir
3. Banna böð í Laugarvatni vegna saurgerla
4. Tuttugu smiðir á skrá en engir fást í vinnu
5. Enn slegist á götum Lundúna


FORSÍÐA VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

ÞAÐ ERU ENGIN HÖFT Í VIÐSKIPTUM Á VÍSI

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir. vísir


